

29.04.2013 14:26:43 / dadastadir

Norðanvindur og sunnanvindur

Það er bæði kalt í lofti og napurlegt um að litast á NA landi þessa dagana þó svo sumarið sé formlega gengið í garð samkvæmt dagatalinu. Bændur eru vongóðir um að í skiptum fyrir ótíðina í mars-april fái menn góðan maí og jafnvel júní líka...hver veit?



Um miðjan mánuðinn kynnti undirrituð sér sunnlenskt verðurfar og fékk að prófa ýmsar útgáfur af verðrinu þá 4 daga sem hún dvaldi á Suðurlandinu. Hún var beðin fyrir námskeið þar syðra sem urðu á endanum tvö. Það hljóta að teljast forréttindi að fá að kynnst landinu og íbúum þess með slíkum hætti. Undirrituð hafði a.m.k. afar gaman af samverunni við sunnlenska góðbændur og smalahunda þeirra og vonandi að nemendurnir hafi orðið einhvers vísari.

MYNDIR: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/289327/>

Höf. færslu: Elísabet Gunnarsdóttir

25.03.2013 13:58:04 / dadastadir

Brasilískur verðlaunahafi

Kinloch Cian er margfaldur brasilískur verðlaunahafi í keppnum og gildir þar einu hvort fé eða nautgripum er smalað. Þeir leynast víða gullmolarnir.

Myndband: <http://www.youtube.com/watch?v=mjFDmHdfp8U>

20.03.2013 12:27:21 / dadastadir

Fjárhundanámskeið



Afbragðs góð helgi að baki. Undirrituð stóð fyrir fjárhundanámskeiði á Tjörnesinu um helgina og námskeiðið sóttu níu nemendur. Færri komust að en vildu og ég geri því ráð fyrir að endurtaka þetta síðar á árinu. Nemendurnir komu úr Mývatnssveit, Reykjahverfi, Tjörnesi, Kelduhverfi og Öxarfirði og voru hver öðrum skemmtilegri. Námskeiðið skiptist í bóklegan hluta, sýnikennslu og svo verklegt. Hundarnir tóku nokkuð vel við tamningu og vonandi að eigendurnir haldi áfram þjálfuninni þaðan sem frá var horfið. Rétt að nota tækifærið og þakka tengdforeldrum mínum fyrir aðstöðuna.

Myndir: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/289316/>

Höf. Lísa

18.03.2013 11:05:45 / dadastadir

Fjárhundakeppni

Ef verðurguðirnir verða okkur sæmilega hliðhollir verður fjárhundakeppni á Daðastöðum laugardaginn 6. apríl í boði Daðastaða og Austurlandsdeildar SFÍ. Stefnt er að keppni í 3 flokkum. Unghundaflokk, B-Flokk og A-Flokk. Skráning og frekari upplýsingar hjá Lísu í s. 863 1679.

01.04.2013 13:52:43

Lísa skrifaði

Breytt dagsetning: SUNNUDAGUR 7. APRÍL 2013.

05.04.2013 10:41:43

Lísa skrifaði

Túnin eru því miður ekki orðin nógu góð. Reynum aftur eftir 2 vikur.

17.04.2013 09:50:34

Lísa skrifaði

Sennilega hefur ekki verið meiri snjór á NA horninu í allan vetur heldur en einmitt núna. Keppni frestast um óákveðinn tíma 😞

30.01.2013 18:15:10 / dadastadir

Áhugaverð ritgerð um hundauppeldi

Hér er linkur inn á nokkuð áhugaverða BS ritgerð um hundauppeldi frá árinu 2010 eftir Jóhönnu Ragnarsdóttur hundapjálfa : http://skemman.is/stream/get/1946/6956/17857/1/BA-ritgerð_Jóhanna_Ragnarsdóttir.pdf

30.01.2013 10:25:14 / dadastadir

Golsa frá Daðastöðum til sölu

Það er með hálfgerðum trega sem það tilkynnist hér með að Golsa frá Daðastöðum undan Ýtu frá Daðastöðum og Taff frá Wales er til sölu. Golsa er sá hvolpur sem ég kaus að halda eftir úr gotinu en vegna breyttra aðstæðna hjá mér verð ég að fækka hundunum. Golsa er 16 vikna síðan á sunndaginn. Ég er búin að gera ýmislegt fyrir hana. Hún kann að sitja og leggjast, rúlla og skríða, sækja dót og gegnir innkalli. Hún flaðrar ekki heldur sest á rassinn þegar hún vill athygli. Hún er húsvön, búrvön og vön að ferðast í bíl. Hún er aðeins feimin en annars mjög heilbrigt eintak af hvolpi. Ég veit auðvitað ekkert hvernig smalahundur hún verður, en ef hún líkist foreldrum sínum ætti hún að hafa nokkuð gott verkvit og verða ágætlega meðfærileg. Golsa er bólusett, ormahreinsuð og með ættbók frá SFÍ.



Hér eru myndband af Ýtu þegar ég var að byrja með hana í sumar:

<http://www.youtube.com/watch?v=8vyGjJUo6c>

Hér er myndband af Taff Íslandsmeistara frá árinu 2011 þar sem hann vinnur fyrir Gunnar

Guðmundsson: <http://www.youtube.com/watch?v=QQRLD0SCTME>

Hér er síðan myndband af Golsu litlu: <http://www.youtube.com/watch?v=lyT1okEMFr&feature=youtu.be>

Áhugasamir hafi samband við Lísu s. 863 1679 eða elisabetg@ru.is

21.01.2013 20:38:09 / dadastadir

Ný myndbönd

Ný er ef til vill ekki rétta orðið. Þessi myndbönd eru síðan síðasta vor þegar tíkurnar sem um ræðir voru að taka sín fyrstu skref í fé. Ég hef ekki komið því í verk að setja þau inn fyrr en núna. Ég hef undanfarin ár reynt að taka alla ungu hundana upp þegar þeir eru að byrja að smala. Mér finnst oft mikill karakter koma fram í fyrstu skiptunum þó svo þau séu auðvitað mjög mismunandi marktæk og ekki endilega alltaf ávísun á það sem koma skal. Það er gaman að eiga þessar upptökur þegar meiri taming er komin á hundana og velta fyrir sér hvernig tekist hefur til með tamninguna og hvernig hundarnir hafa þroskast.

Lúsý: <http://youtu.be/vShmNju6wEk>

Lára: <http://youtu.be/h5TkkM0cV5k>

Mig langar að nota tækifærið og ítreka tilmæli til þeirra sem eiga óskráða hunda frá Daðastöðum að hafa samband við Gunnar eða Lísu til að hægt sé að skrá hundana í gagnagrunn SFÍ. Ef menn eru í vafa geta þeir farið inn á <http://snati.bondi.is/> til að sjá hvort þeirra hundur er í gagnagrunninum.

Höf. færslur: Lísa Gunnarsdóttir

24.12.2012 12:29:36 / dadastadir

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár

Fjölskyldan á Daðastöðum við fjölskyldubrennuna að fornum sið um áramót 2009.



18.12.2012 21:25:36 / dadastadir

Álfur til sölu SFÍ 2011-0-0040

Álfur frá Jörva 2 er til sölu. Álfur er 1,5 árs, frumtaminn og nokkuð frambærilegur hundur. Hann er ekki viðkvæmur, hvorki gagnvart smalanum eða kindunum. Hann er ágætlega hlýðinn bæði í og utan kinda og fylgir manni úr kindunum. Hann sest, bíður, hleypur jafnt upp áhægri og vinstri hlið. Hann fer stutt úthlaup, kemur með kindurnar á eftir manni, er aðeins byrjaður að reka og grípur í ef þess þarf (og reyndar stundum án þess að það þurfi). Þetta virðist allt liggja ágætlega fyrir honum. Það þarf auðvitað að bæta í allar fjarlægðir hjá honum ef vel á að vera, en hann er ungur og tekur vel við tamningu svo það á ekki að verða neitt vandamál. Undirrituð sér því miður ekki fram á að hafa tíma til að gera meira fyrir hann í bili og fer því betur á að hann fái nýtt heimili. Álfi finnst líka mjög gaman að sækja og grípa bolta. Hann er vanur að vera í bíl og hefur ekki sýnt því áhuga að elta bíla. Hér er myndband af kappanum sem var tekið upp núna í desember: <http://www.youtube.com/watch?v=jTJZIJ5o9-4>

Ættartré:

M: Spæta frá Hjarðarbóli SFÍ nr. 2005-1-0821	M: Bóla frá Hjarðarbóli 9999-2-1074	M: Táta frá Daðastöðum 1986-2-0030
		F: Strútur frá Daðastöðum 1994-1-0031
	F: Tryggur frá Kletti 1998-1-0437	M: Terry frá Eyralandi 1996-2-0086
		F: Prins frá Daðastöðum 1987-1-0024
F: Sómi frá Eyralandi SFÍ nr. 2008-1-0758	M: Lýsa frá Hafnarfirði 2005-2-0623	M: Týra frá Kaðalsstöðum 2002-2-0342
		F: Tígull frá Eyralandi 1996-1-0089
	F: Mac frá Whales 2003-1-0757	M: PEG 9999-2-1625
		F: STORM 9999-1-1781

Frekari upplýsingar hjá Lísu í síma 8631679 eða elisabetg@ru.is

04.01.2013 13:45:02

Lísa skrifaði

Álfur er seldur

01.11.2012 13:00:30 / dadastadir

Hvolpar Ýtu og Taff fyrstu fimm vikurnar

Hvolparnir þroskast fallega og verða sex vikna núna á sunndaginn næsta. Hér eru nokkrar myndir frá stuttu en viðburðaríku lífshlaupi þessara litlu stuðbolta. Við höfum verið afar heppin að fá marga góða gesti. Hvolparnir eru staðsettir á Húsavík sem stendur og þeir sem hafa tök á að skoða þá eru auðvitað velkomnir. Þeir hvolpar sem verða ekki sóttir 8 vikna flytja búferlum í Daðastaði. Tíkurnar eru allar frátektnar og einn af hundunum. Þeir sem eru áhugasamir um hvolpana geta sett sig í samband við Gunnar.



MYNDIR: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/289270/>

28.09.2012 10:52:23 / dadastadir

Afkvæmi Ýtu og Taff

Aðfaranótt sunnudags þann 23. september fæddust Ýtu sjö hraustir og fallegir hvolpar. Fjórir hundar og þrjár tíkur. Þar af ein þrílit tík og einn þrílitur hundur. Taff sem var innfluttur frá Wales fyrir rúmu ári á heiðurinn af faðerninu. Þess má geta að Taff vann A-flokkinn á landsmóti smalahunda 2011.



Hér er video af föðurnum frá því í fyrra sumar (2011) þar sem hann vinnur fyrir Gunnar Guðmundsson:
<http://www.youtube.com/watch?v=QQRLD0SCTME>

Hér er video af tíkinni síðan í sumar. Hún er lítið tamin ennþá en hefur mjög skemmtilegt vinnulag.
Nánari upplýsingar um Ýtu má síðan finna hér til vinstri. <http://www.youtube.com/watch?v=8vyGjJUo6c>

MYNDIR: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/289248/>

21.09.2012 12:05:51 / dadastadir

Fyrstu göngur og réttir

Um síðustu helgi var farið í fyrstu göngur Núpsveitunga. Úti var veður mjög svo vott, en snjó hafði að mestu tekið upp og smölun gekk vel. Talsvert af fé var í heiðinni og meira en við bjuggumst við miðað við veðrin sem á undan höfðu gengið. Nokkrir smalar töldu sig hafa séð hreindýraspor upp við Kálfafjöll, ekkert sást þó til dýrsins. Föstudag og laugardag var smalað niður í Katastaðarétt og teiti var í kofanum á föstudagskvöldið að fornum síð. Allt gekk þetta að mestu stórslysalaust fyrir sig nema að þegar rétt um km var eftir í réttina varð einn smalinn fyrir því óláni að detta af baki og fara úr axlarlið. Á sunnudaginn var réttað fram að hádegi og eftir hádegi smöluðu menn sín heimalönd. Þar kom helst á óvart hvað það var mikið af fé var uppi á Núpnum, en við munum varla eftir því að svo margt fé hafi haldið sig þar á þessum árstíma. Við fjölskyldan nutum dyggrar aðstoðar þratar Sveinssonar og bróður hans en þeir sinntu ýmsum viðvikum á bíl og smöluðu túnin á meðan við vorum í heiðinni. Þökkum við þeim kærlega fyrir.



Smalar að þessu sinni voru Gunnar, Kolbeinn, Kiddi, Óli, Lísa og Birkir bættist í hópinn á sunnudag. Hestarnir sýndu og sönnuðu að þeir eru tryggir þjóðar. Fálki, Sindri, Skjóni, Þari, Afróðíta, Þristur, Máni, Leiknir og Stúdent gengu undir smölunum þetta haustið.

Þeir hundar sem skiptu með sér verkum um helgina voru Prins, Roxy, Píla, Skotta og Panda. Verkefni fyrsta daginn henta mjög vel fyrir Huntaway hunda og Roxy stóð sig eins og hetja. Prins var sjálfum sér líkur og veggbrattur. Skotta klikkaði ekki, en Píla var óskaplega lúin enda löggildur eldri borgari. Panda var svolítið bremsulaus á laugardaginn og gerði eigandann nett pirraðan, en á sunnudaginn velti undirrituð því fyrir sér hvað hún hefði gert til að verðskulda svona góðan hund.

Á fimmtudagskvöldið fórum við systkinin Kiddi og Lísa að aðstoða nágretta okkar í suðursýslunni og leitum að fé í nágrenni Þeistareykja með fjóra hunda með okkur. Við gengum frá um það bil þrjú um daginn til sjö um kvöldið en fundum ekkert. Þetta var því ekki ferð til fjár. Við komum þó að einhverju gagni og aðstoðuðum við að handsama nokkrar kindur sem aðrir höfðu fundið áður en þær hlupu út í nóttina.

MYNDIR: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/289246/>

Fyrir hönd Daðast. Lísa Gunnarsdóttir

Landsmót Smalahunda

MYNDIR: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/289231/>



Undirrituð er nýkomin heim eftir fjögurra daga heimsókn á Snæfellsnesið. Þar sótti ég tveggja daga námskeið hjá heimsmeistarannum frá því 2011, James McGee, og í kjölfarið Landsmót smalahunda. Ég fékk gagnlegar ábendingar frá þjálfaranum knáa sem ég mun vafalaust nýta mér í framtíðinni og verð vonandi betri smali fyrir vikið. Batnandi smölum er best að lifa. Námskeiðið var haldið í Mýrdal hjá Gísla bónda og keppnin sjálf fór fram á túnunum við Kaldármela. Öll umgjörð, bæði um námskeiðið og keppnina, var til fyrirmyndar hjá þeim Snæfellingum. James McGee dæmdi keppnina. Mætingin hefði gjarnan mátt vera betri í ár, en hundarnir voru þó ekki af síðri endanum. Ég keppti með þær mæðgur Skottu og Pöndu. Skottu í A-flokki, en ákvað að reyna vængina með Pöndu í B-flokki áður en við tækjum flugið í lengstu brautinni.

A-flokkurinn var mjög jafn þetta árið og mikil spenna um hver myndi hreppa hnossið. Aðeins munaði 2 stigum á 1. og 3. sæti þegar mótið var gert upp og ég geri ráð fyrir að aðrir keppendur hafi fylgt fast á eftir. Við Skotta leiddum hópinn ásamt Dot og Hilmarí eftir fyrri daginn, en seinni daginn duttum við niður í þriðja sætið. Það sem varð okkur dýrkeyptast var klúður í úthlaupinu. Það er gaman að segja frá því að í 3 efstu sætunum voru hundar úr Daðastaðaræktuninni. Samanlögð stig giltu til úrslita og voru þessi:

1. Aðalsteinn Aðalsteinsson og Kría frá Daðastöðum með 61/100 og 73/100 stig (Dan og Soffía)
2. Gísli Þórðarson og Kata frá Daðastöðum með 62/100 og 72/100 stig (Dan og Soffía).
3. Elísabet Gunnarsdóttir og Skotta frá Daðastöðum með 67/100 og 65/100 stig (Prins og Píla).

Panda átti eitt besta rennsli keppinnar í B-flokknum með 72/90 stig, en það dugði okkur skammt þar sem smalin ég klúðraði málunum algjörlega fyrri daginn. Ég byrjaði á því að reka markvisst og örugglega í gegnum vitlaust hlið sem hefði eitt og sér getað dugað til að ógilda rennslið. Dómarinn sá aftur á móti aumur á mér og leyfði okkur að halda áfram en tók af okkur öll stigin fyrir reksturinn í staðinn. Til að kóróna þetta glopraði ég frá mér einni kind við réttina undir lokin og þá var mér ekki stætt á öðru en að víkja af velli með engin stig. Það fór vonandi ekki á milli mála að tíkin var góð, en smalin aftur á móti alveg úti á túni og það tún sennilega ekki einu sinni á Snæfellsnesinu. Úrslit í B-flokki urðu þessi:

1. Jón Geir Ólafsson og Týra frá Geirlandi með 57/90 og 61/90 stig.
2. Gísli Þórðarson og Fía frá Brautartungu með 41/90 og 51/90 stig.
3. Elísabet Gunnarsdóttir og Panda frá Daðastöðum með 0/90 og 72/90 stig (Dan og Skotta).

Í unghundaflokki kepptu hundar sem eru til alls líklegir í framtíðinni. Úrslit urðu þessi:


1. Hilmar Sturluson og Perla frá Móskógum með 67/90 og 54/90 stig.
2. Jón Axel Jónsson og Ben frá Hæl með 27/90 og 60/90 stig.
3. Svanur Guðmundsson og Korka frá Miðhrauni með 46/90 og 38/90 stig.

Undirrituð þakkarkærlega fyrir sig og sína
Elísabet Gunnarsdóttir

29.08.2012 15:38:25 / dadastadir

Viðtal við Gunnar Einarsson í Frey frá 1981/2

Þessi grein rataði í hendur vefstjóra á ferðum hans í Eyjafirði í sumar. Með því að smella á slóðina má lesa viðtalið í heild: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/289227/>



Tveir af fjárhundum Gunnars Einarssonar. Þeir eru af skosku Boarder-collie kyni, ljúfir í skapi og námfúsir.

18.08.2012 19:54:17 / dadastadir

Skráning í gagnagrunn SFÍ

Okkur langar að biðja þá sem hafa fengið hvolpa frá Daðastöðum á síðustu árum að hafa samband þurfi þeir hjálp við að skrá þá í gagnagrunn Smalahundafélags Íslands (<http://snati.bondi.is>). Skráning hefur legið niðri um nokkurt skeið þar sem verið var að skipta um kerfi. Nú er grunnurinn kominn í gagnið og engin ástæða til að láta þetta dragast á langinn. Þeir sem hafa fengið hvolpa á árunum 2009-2011 geta haft samband við Lísu: elisabetg@ru.is, s. 8631679. Ef það er eitthvað eldra sem stendur út af er betra að hafa samband við Gunnar.

Meira um gagnagrunninn er hægt að lesa á heimasíðu Smalahundafélags Íslands:
<http://smalahundur.123.is/blog/>

Með góðum kveðjum frá Daðastöðum.

18.08.2012 19:04:56 / dadastadir

Landbúnaðarsýning og handverkshátíð í Eyjaf.

Við Skotta fengum beiðni um að vera með sýningu á fótboltavellinum á Hrafnagili í tilefni Handverkshátíðar og landbúnaðarsýningar þann 10.ágúst síðastliðinn. Ekki þó til að spreyta okkur með knöttinn heldur áttum við þar að sýna listir okkar í fjárstýringu. Við stilltum upp stuttri keppnisbraut þar sem við tókum eitt rennsli og sýndum svo nokkrar æfingar með frjálsri aðferð í lokin. Þetta gekk bara ágætlega vel og svona nokkurn veginn í samræmi við væntingar.

Stöð 2 kom okkur aftur á móti á óvart með myndavél og hljóðnema í lok sýningar. Það sem þeir fiskuðu upp úr mér birtu þeir síðan í fréttunum, eins og lög gera ráð fyrir, eftir að hafa klippt það til þannig að úr yrði fréttamatur. Ekki get ég sagt að ég hefi verið yfir mig hrifin af útkomunni. Svo ég vitni nú í Brimkló: „Ég sagði víst flest það, en þegar þú lest það þá virkar það alveg fatalt. Sem barnaleg þvæla, tóm vitleysa og stælar samt sagði ég þeim þetta allt“. En það gerir ekkert til... Skotta hafði vit á því að þegja og stóð fyrir sínu.

Hér er síðan viðtalið ef einhver er áhugasamur um eldskírn mína:

<http://visir.is/section/MEDIA99&fileid=VTV19B46C4C-A803-4A33-9260-B084CF15380A>



Annars er það helst að fréttu að síðustu rúllunni var pakkað á mánudaginn síðasta (þann 13. ágúst) og er það alltaf gleðileg stund. Nú eru bændur í óða önn að keyra heim. Það var ágæt uppskera þó hún hafi verið heldur síðri en síðustu ár. Heldur minna var borið á þetta vorið og auk þess hafa þurrkarnir haft eitthvað að segja. Það kemur þó ekki að sök, en til stendur að fækka í bústofninum í haust. Við getum því vel við unað. 670 rúllum var pakkað og þar af mest úrvals hey.

Höf. færslu: Lís Gunnarsdóttir

24.08.2012 19:54:06

svanur skrifaði

Flott frammistaða hjá þér.

25.08.2012 10:39:41

Lís skrifaði

Takk Svanur 😊

01.08.2012 12:48:16 / dadastadir

Myndband

Ágætis myndband um fjárhundakeppnar:

http://www.youtube.com/watch?v=nEFm1qkXaI0&feature=player_embedded#!

15.07.2012 19:43:09 / dadastadir

Landbótaganga

Fjölskyldan á Daðastöðum þakkar þeim sem mættu í landbótagöngu í landi Daðastaða þann 7. júlí síðastliðinn fyrir ánægjulega stund. Myndir má finna hér: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/289199/>



02.07.2012 13:59:22 / dadastadir

Gönguferð í landi Daðastaða - Landbætur samhliða sauðfjársýslu

Gunnar Einarsson bóndi á Daðastöðum býður áhugasömum um landbætur, landgræðslu, skógrækt og öðrum náttúruvinnendum í gönguferð um landareignina laugardaginn 7. júlí 2012. Gengið verður eftir kindagötum um uppgrædda mela, náttúrulegan birkiskóg, numið staðar við minjar landnámsbýlisins Klaufargerðis og lesið í landið. Gunnar mun miðla af þrjátíu ára reynslu sinni af landgræðslu, sauðfjársýslu og heimshornaflakki. Skemmtileg gönguleið í fallegu umhverfi. Gert er ráð fyrir að gangan taki um 2,5-3 klst. með stoppum, eða frá kl. 15.00 til 18.00. Skráning og frekari upplýsingar í síma 863 1679 (Lísa), 892 5228 (Gunnar) eða e-mail sauðkind@simnet.is.

MYNDIR frá svæðinu má finna hér: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/289181/>



Frá Klaufargerði

Þess má geta að Gunnar og Guðrún unnu til landgræðsluverðlauna Landgræðslu Ríkisins 2011. Sjá nánar á vef Landgræðslunnar:

http://www.land.is/index.php?option=com_content&view=article&id=652%3Alandgræðsluverðlaun-2011&catid=67%3Afrettir&Itemid=88&lang=is

29.06.2012 13:52:18 / dadastadir

Skógarbændur

Daðastaðir hafa nú verið teknir inn í Norðurlandsskóga. Þann 18. júní 2012 voru settar niður fyrstu 200 plönturnar. Örlítið sýnishorn af því sem koma skal, en Gunnar skógarbóndi er stórhuga í þessu sem öðru. Einkum verður gróðursett í mela og markmiðið að með tímanum vaxi upp nytjaskógur í formi beitarskógar. Gróðursetningin mun styðja við sjálfsáða birkið, fjalldrapann, víðinn og íslenska lággróðurinn sem nú þegar er í mikilli sókn, þrátt fyrir talsverða beit, og flýta þannig fyrir landbótum á

landareigninni. Fyrstu plönturnar voru lerki og fóru niður í landgræðslugirðingna upp við Grjót fjöll. Girðingin er um 10,5 km löng og rúmar um 700 hektara í 150-300 m hæð yfir sjávarmáli. Þar af eru um 50% ógrónir melar. Girðingin var girt árið 2001 og eyðimerkurnar þar verið einkar erfiðar viðureignar. Til að mynda hefur illa gengið að koma lúpínu af stað og því vonir bundnar við að lerkið þrífist betur. Það er til mikils að vinna.



MYNDIR: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/289173/>

Höf. færslu: Lís Gunnarsdóttir

20.06.2012 09:14:06 / dadastadir

Myndband af Dan

Jæja, það komst loksins í verk að taka upp myndband af Dan. Ekki seinna vænna, enda Dan á 9. ári og kominn af sínu léttasta skeiði. Myndbandið sýnir engu að síður nokkuð vel vinnulag kappans. Reynir tók upp þetta fína myndband í gær þar sem Dan sést fara um 500 m. úthlaup og fær síðan aðeins að "leika sér" að kindunum áður en hann skilar þeim í réttina heima við bæ:

<http://www.youtube.com/watch?v=8T1KVxTvLOI&feature=autoshare>

Höf.færslu: Lís Gunnarsdóttir

15.06.2012 12:37:30 / dadastadir

Skotlandsferð

Undirrituð er tiltölulega nýkomin heim eftir nokkurra daga náms og kynnisferð til Skotlands. Fyrstu fjóra dagana dvaldi ég hjá Julie Hill og Bobby Henderson og var þar leidd í ýmsan sannleika um tamningu fjárhunda og skoskan fjárbúskap. Þar var ég í góðum félagsskap, en Alli frá Húsatóftum var mér samferða. Það var ómetanlegt að hafa einhvern til að villast með í ruglingslegri vinstri umferð þeirra Skota. Fimmta daginn fór ég að sjá fjárhundakeppni í nágrenni við heimili Julie rétt hjá bænum Peebles.

Julie og Ban urðu þar í 3ja sæti með 89 stig. Einungis munaði 1 stigi á 1. 2. og 3. sæti. Á keppninni hitti ég Brian sem seldi pabba Dan fyrir nokkrum árum og dvaldi hjá hans fjölskyldu næstu tvo daga og kynnti mér störf fjárhirða (shepherd) og hvernig hundarnir nýtast við störf hans sem var mjög áhugavert. Að lokum eyddi ég einum túristadegi í Edingborg. Afar vel heppnuð ferð að baki. Ferðasagan í myndum: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/289159/>



Höf.færslu: Lís Gunnarsdóttir

07.02.2012 12:34:57 / dadastadir

Stikklað á stóru

Fátt um fína drætti hér á síðunni undanfarið eins og gestir hafa orðið varir við. Er þar framtaksleysi vefstjóra um að kenna. Undirrituð hefur það helst sér til málsbóta að vera við nám í Reykjavík, sem gefur lítið svigrúm til annarra athafna.

Af augljósum ástæðum vantar upp á það að vefstjóri sé með puttann á Daðastaðapúlsinum þessa dagana. Ég treysti mér samt til að segja að lítið hafi verið um tamningar, enda hafa snjóalög verið afar óhagstæð fram að þessu. Önnur verk hafa því fengið forgang. Vélaskemman er að verða nokkuð reisuleg ...gott ef það styttest ekki í að hún verði íbúðarhæf. Þeir feðgar, Gunnar og Reynir, hafa varið drúgum stundum í bygginguna síðan í haust og notið aðstoð góðra manna.





Af undirritaðri er helst að fréttu, fyrir utan námsdvölinu, að ég er að fara á námskeið í fjárhundatamningu í vor hjá Julie Hill Simpson sem skrifaði bókina "The Natural Way". Síðan ætla ég að heimsækja Brian, sem seldi þabba Dan, og fylgjast með eins og einni fjárhundakeppni. Strax orðin full tilhlökkunar!

Sjaldan er ein báran stök... Frekar skondið að segja frá því að Billa hrindi í mig um daginn og þá kom í ljós að við vorum báðar að fara til Skotlands í sumar á námskeið hjá sömu manneskjunni. Ekki höfðum við vit á að bera saman bækur okkar áður en ferðaplönin voru ákveðin. Þetta hlýtur að segja okkur það að við þurfum að tala oftár saman, því það hefði óneitanlega verið meira gaman að hafa ferðafélaga 😊.

Hver veit nema það verði hægt að platað Julie til Íslands í kjölfarið á þessum heimsóknum ef áhugi er fyrir því...

Höf. færslu: Lísu G.

12.02.2012 10:38:47

Varsi skrifaði

Gunnar bóndi hefur alltaf eitthvað fyrir stafni.

Það er flott hjá ykkur Billu að fara til Julie Simpson og Bobby Henderson. Þetta er fægt fólk sem hefur verið framarlega á þessu sviði um árabíl.

Já endilega að drífa Julie til Íslands, þið Billa eruð góð landkynning og það vekur áhuga hennar á landinu. mbkv.

12.02.2012 12:45:45

Lísu skrifaði

Takk fyrir það Varsi. Við Billa reynum að koma vel fyrir og "lobbía" fyrir Íslandsheimsókn 😊

Jólakveðja með hefðbundnu sniði :)

Kæru vinir, félagar, áhugamenn um fjárhunda og aðrir góðir gestir. Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Kærar þakkir fyrir liðið. Vonandi fara allir í hundana en enginn í jólaköttinn 😊.

Jólakveðja frá fjölskyldunni á Daðastöðum





25.12.2011 22:05:42 / bjarki

bjarki skrifaði

gleðileg jól sömuleiðis og gæfuríkt ár kveðjur frá breiðavaði.

30.12.2011 21:00:46

dadastadur skrifaði

Sömuleiðis Bjarki. Þökkum ánægjuleg samskipti á liðnum árum.

17.11.2011 12:53:13 / dadastadur

Landgræðsluverðlaun

Gunnar Einarsson og Guðrún Sigríður Kristjánsdóttir, Daðastöðum í Núpasveit

Hjónin Gunnar og Guðrún Sigríður hafa alltaf haft mikinn áhuga á uppgræðslumálum og hófu strax landgræðsluaðgerðir þegar þau fluttu í Daðastaði árið 1982. Á Daðastöðum eru 950 vetrarfóðraðar kindur, 7 hestar og 13 hundar, en til fróðleiks má geta þess að Gunnar er einn af frumkvöðlum þess að flytja inn og rækta Border Collie smalahunda. Þau hjón hafa verið virkir þátttakendur í verkefninu Bændur græða landið frá árinu 1991. Þar byrjuðu þau frekar stórt eða með 4 tonn af áburði. Rétt er að geta þess að jörðin var ákaflega illa leikin af uppblæstri, þegar þau tóku við henni, nánast eins og gatasigtir yfir að líta.



Horft ofan af Núp yfir uppgrædda mela í nágrenni Daðastaða

Árið 2001 var girt stór landgræðslugirðing í landi Daðastaða eða um 10,5 km að lengd. Frá og með 2006 hefur verið dreift 10 tonnum af áburði og 100 kg af fræi á uppgræðsluvæði í Daðastaðalandi. Húsdýraáburður hefur einnig verið notaður til uppgræðslu og sauðfé og hrossum gefið úti á melum á vorin og haustin. Hefur það skilað góðum árangri. Lögð er áhersla á að loka rofabörðum og búið er að ýta niður og græða upp nokkra kílómetra af þeim. Lúpína hefur einnig verið notuð til uppgræðslu og beitar.

Daðastaðir hafa fengið styrk úr Landbótasjóði Landgræðslunnar undanfarin ár og unnið samkvæmt landbótaáætlun. Samtals er búið að vinna á um 340 hekturum lands á Daðastöðum í samvinnu við verkefnið Bændur græða landið og Landbótasjóð Landgræðslunnar.

Kristján sonur Guðrúnar Sigríðar hefur mikinn áhuga á uppgræðslumálum og hefur unnið mikið að þessum landgræðsluaðgerðum, eins og reyndar aðrir fjölskyldumeðlimir. Landgræðsluvæðin eru öll kortlögð og undanfarin ár hefur Kristján skráð nákvæmlega hve mikill áburður og fræ hefur farið á hvert svæði og hvenær. Það er því auðvelt að skrifa uppgræðslusögu Daðastaða.

Starf þeirra hefur sýnt að hægt að er að stunda búskap í sátt við landið og skila því betra ástandi til komandi kynslóða. Þau eru sannir landgræðslubændur.

Afritað af síðu Landgræðslunnar: [land.is](http://www.land.is), sjá nánar:

http://www.land.is/index.php?option=com_content&view=article&id=652%3Alandgraeesluverelaun-2011&catid=67%3Afrettir&Itemid=88&lang=is

24.11.2011 20:56:53

Lárus skrifaði

Til hamingju ágætu hjón.

Ég hef séð með eigin augum hluta af því sem gert hefur verið í uppgræðslu á Daðastöðum. Það er frábært að sjá mela sem áður voru steindautt land, vafið gróðri.

24.11.2011 22:23:54

dadastadir skrifaði

Bestu þakkir fyrir kveðjuna Lárus 😊)

04.12.2011 13:12:21

sverrir skrifaði

Til hamingju Gunnar Guðrún og auðvitað öll fjölkylدان . ég hefði einnig viljað sjá ykkur tilnefnd til næstu landbúnaðarverðlauna fyrir það mikla frumkvöðlastarf er þið hafið sýnt með ræktun þjálfun á border collie hundum og hið óeigingjarna starf að utbreiða ykkar þekkingu á meðhöndlun þeirra út um allt land.

05.12.2011 16:54:32

dadastadir skrifaði

Takk fyrir þessa fallegu kveðju og ævinlega ánægjuleg samskipti.

30.10.2011 22:26:07 / dadastadir

Smalahundamót Kaldármelum 30. okt 2011

Undirrituð og Panda tóku þátt í deildarkeppni Smalahundafélags Snæfells- og Hnappadalssýslu, sem var haldin á Kaldármelum í dag. Þetta var allt saman nokkuð óvænt, en ég held til í Reykjavík í námi þessa dagana og Panda flutti í bæinn til mín fyrir viku. Við höfum því lítið sem ekkert getað æft síðan fyrir Landsmót. Það sem bjargaði okkur var að Alli á Húsatóftum var svo elskulegur að leyfa okkur að æfa á kindunum sínum þannig við gætum tekið smá upprifjun. Gunni frá Hafnarfirði var síðan svo elskulegur að taka okkur með og Snæfellingar að taka á móti okkur. Það varð því úr að við skottuðumst á Snæfellsnesið. Ferðin skilaði okkur öðru sæti í unghundaflokki og við vorum ekki sendar tómhentar heim. Okkur hlotnaðist bikar, hundamatur og matarskál. Ekki amalegt það 😊. Við Panda þökkum kærlega fyrir okkur.

Úrslit voru eftirfarandi:

Unghundaflokkur:

1. sæti með 66/90 stig. Aðalsteinn Aðalsteinsson og Kría frá Daðastöðum (undan Dan frá Skotlandi/Daðastöðum og Soffíu frá Daðastöðum)
2. sæti með 60/90 stig. Elísabet (Lísa) Gunnarsdóttir og Panda frá Daðastöðum (undan Dan frá Skotlandi/Daðastöðum og Skottu frá Daðastöðum)
3. sæti með 47/90 stig. Gísli Þórðarson og Fía frá Brautartungu (undan Killiebríe Jim og Tinnu frá Kirkjubóli)



B-flokkur

1. sæti með 67/90 stig. Halldór Pálsson og Kappi frá Hafnarfirði (undan Mac frá Wales/Eyralandi og Týru frá Kaðalsstöðum)
2. sæti með 45/90 stig. Brynjar Hildibrandsson og Patti frá Ystu-Görðum (Heimsenda -Kátur og ?)

A-flokkur

1. sæti með 78/100 stig. Gísli Þórðarson og Spóla frá Daðastöðum (undan Rex frá Daðastöðum og Lús frá Eyralandi)
2. sæti með 77/100 stig. Hilmar Sturluson og Dot frá Wales (undan Nap og Nell frá Wales)
3. sæti með 69/100 stig. Gunnar Guðmundsson og Ólína frá Hafnarfirði (undan Mac frá Wales/Eyralandi og Týru frá Kaðalsstöðum).

Nokkrar myndir frá mótinu:

<http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/288492/>

Höf. færslu: Lís Gunnarsdóttir

07.11.2011 18:07:56

Aldís skrifaði

til hamingju með þetta 😊

11.11.2011 20:27:51

Lís skrifaði

Voff, voff 😊

29.10.2011 13:23:46 / dadastadir

Óvelkomið áreiti

Síðan er undir árás frá e-jum óþekktum og óþekktum aðilum. Það hlaðast inn ýmis undarleg skilaboð, sem vefstjóri er máturega þakklátur fyrir. Hefur einhver lent í þessu og kann einhver góð ráð?

Rétt að vara menn við að "klikka" á þessar slóðir sem birtast með skilaboðunum. Örugglega e-ð vafasamt.

13.10.2011 15:29:18 / dadastadir

Gamlir gullmolar

Ég fann þessar gömlu greinar inni á tímarit.is (og margar fleiri til reyndar). Þetta eru tvö viðtöl við Gunnar. Fyrri greinin er síðan 1987, en þá eru bara um fimm ár síðan við flytjum í Daðastaði, og hin síðan 1993. Gunnar er enginn nýgræðingur í hundaræktuninni. Í fyrri greininni eru nefndir nokkrir hundar á nafn, sem stór hluti fjárhunda Íslands getur rakið ættir sínar til. Einnig eru nokkrar myndir. Það hefur margt breytst síðan Gunnar flutti fyrstu hundana til Íslands og bætist sífellt í hóp hunda og smala.

Dagur 1987, 2 bls.

http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=207681&pageId=2679548&lang=is&q=Gunnar%20Einarsson%20b%F3ndi%20Da%F0ast%F6%F0um

Ath. til að komast á blaðsíðu 2 þarf maður síðan að fletta vinstra megin á síðunni sem kemur upp.

Tíminn 1993:

http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=281796&pageId=4072770&lang=is&q=Gunnar%20Einarsson%20b%F3ndi%20Da%F0ast%F6%F0um



13.10.2011 22:50:40 / bjarki

bjarki skrifaði

ja hérna, þetta er náttúrulega bara snilld.maðurinn er algjör snillingur.

16.10.2011 14:34:54

Lísa skrifaði

Þú ert svo duglegur að "commenta" Bjarki. Gaman að því! ...og já, kallinn er flottur 😊

09.10.2011 11:44:19 / dadastadir

Aðrar göngur Núpsveitunga 2011

Aðrar göngur fóru fram helgina 1. og 2. október 2011. Fyrri daginn smöluðum við niður í Daðastaði og seinni daginn smöluðum við í sameiginlegt aðhald Núpsveitunga upp við Rauðhóla og Kvíar. Veður var ágætt. Svolítið vindasamt fyrri daginn og aðeins blautt seinni daginn, en ekkert til að barma sér yfir. Féið gekk hratt og það smalaðist vel. Smalar voru Gunnar Einarsson, Lís Gunnarsdóttir, Aðalsteinn J. Halldórsson, og bræðurnir Þröstur Sveinsson og Vilhjálmur Örn. Sá síðarnefndi hafði ekki farið á hestbak í yfir 20 ár, en það bar ekki á öðru en hann hefði aldrei gert annað. Fyrri daginn sendum við fimm smala og seinni daginn þrjá, þá nutum við ekki liðsinnis þeirra bræðra. Smalahundar voru Prins, Dan, Dreki, Skotta og Panda. Panda fór þarna í sína jómfrúarferð og stóð sig vel. Smalahestar voru Fálki, Skjóni, Þari, Stúdent, Leiknir, Afróðíta og Feykir. E.t.v. ekki mjög áhugaverð upptalning fyrir lesendur en það verður gaman fyrir okkur á Daðastöðum að eiga þessar heimildir þegar fram líða stundir 😊. Annars eru það hefðbundin hauststörf sem einkenna lífið á Daðastöðum þessa dagana. Í dag, til að mynda, eru þeir feðgar Gunnar, Kiddi og Reynir að velja sláturlömbin í síðari umferð slátrunar.

Höf. færslu: Lís Gunnarsdóttir

21.09.2011 12:39:16 / dadastadir

Fyrstu göngur í Núpasveit 2011

Vel viðraði á smala í fyrstu göngum í Núpasveit þetta haustið. Síðastliðinn föstudag var haldið upp í heiði í blíðskaparveðri björtu og stillu og höfðu menn áhyggjur að því að veðrið væri jafnvel of gott. Það þykknaði þó upp þegar komið var upp í Kálfafjöll og dropaði nánast það sem eftir var dags. Annars var hlýtt og rigndi aldrei þannig að grípa þyrfti til regnfata. Þetta var því ákjósanlegasta veður.



Píla hvílir lúin bein eftir erfiði helgarinnar

Smalar fyrir Daðastaði í þessum göngum voru Gunnar Daðastaðabóndi, Kolbeinn, Kiddi, Óli og Birkir. Lísa varð að láta sér nægja að hugsa fallega til smalanna að þessu sinni.

Þrír smalar frá Daðastöðum gistu sem áður í gangnakofanum ásamt þremur smölum frá Presthólum og Katastöðum og var glatt á hjalla. Gestkvæmt var og komu jafnvel gangnamenn úr næstu sveitum til að taka þátt í gleðinni enda auðvelt um vik eftir að Hófaskarðs leiðin var lögð rétt við gangnakofann.

Gunnar og Birkir gistu hinsvegar í húsbíl sem öðlingurinn Þröstur Sveinsson hafði lánað og ekið upp að Kálfafjöllum.

Laugardagurinn var svo sólríkur að litlu mátti muna að það væri til vandræða en þó gengu smalamennskur vonum framár og var búið að reka inn í Katastaðarétt um kl. 5 síðdegis.

Á sunnudagsmorgun var svo réttað í Katastaðarétt en þegar því lauk upp úr kl. 11 var farið að undirbúa að ríða aftur upp í heiði og smala heimaland Daðastaða. Kolbeinn, Kiddi og Óli riðu frá Katastöðum upp fyrir Grjótfjöll upp á Fremri Dal en Gunnar og Birkir óku hestum heim og riðu yfir Núpinn til móts við hina smalana. Smölun á heimalandi gekk nokkuð vel en að venju var ekki mikið eftir af dagsbirtu þegar hliðum var lokað á eftir síðustu smölum þann daginn. Veður var nokkuð gott en hvasst og þá sérstaklega ofan Grjótfjalla.

Hér eru nokkrar myndir: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/288178/>

Höf. færslu: Ólafur Daníel Jónsson

23.09.2011 07:49:30 / bjarki

bjarki skrifaði

alltaf gaman að heyra góðar fréttir og gaman þegar allt gengur vel. kveðjur frá Breiðavaði.

25.09.2011 08:20:42

dadastadir skrifaði

Takk fyrir það Bjarki. Vonandi ganga haustverkin vandræðalaust á Breiðavaði.

11.09.2011 08:21:20 / dadastadir

í tilefni gangna ;)

Fjallskilareglugerðin, hin nýrri - eftir Sigurbjörn Kristjánsson frá Finnsstöðum í Ljósavatnshreppi

Smölun er oft þeim manni um megn
sem má ekki þola storm né regn.
Best er að sérhver búandaþegn
sé bálreiður haustið út í gegn

Þú skalt æða yfir stroð
aldrei tala hlýlegt orð.
Svipurinn þarf að minna á morð
ef menn ætla að smala á annað borð.

Hendi skal upp á móti hönd
þá heima eru smöluð lönd.
Orðin þá ekki valin vönd
vestur á Glámu og Barðarströnd.

Ef rekstur kemur, þú reiðast átt,
rífast um bæði stórt og smátt.
Tvístr'onum, öskra og hrópa hátt,
en hirð'ann bara ef það er fátt.

Ef réttinni safnið rennur nær,
reynir á þol og fimar tær.
Hver sá sem verður ekki ær,
ætti ekki að teljast gangnafær.

12.09.2011 21:55:36

Varrsi skrifaði

þetta er bara eins og það gerist best og á bestu bæjum.

14.09.2011 14:40:15

Lísa skrifaði

😊) Ég hugsa að e-jir fái "deja vu" þegar þeir lesa þetta...

15.09.2011 07:43:43 / bjarki

bjarki skrifaði

þetta er algjör snilld.ljóst er að margur finnur sig í þessari fjallskilareglugerð.kv frá breiðavaði.

18.09.2011 09:52:17

Lísa skrifaði



18.09.2011 21:22:22

Jón Geir skrifaði

þetta er góður samsetningur og ekki fráleitt að maður hafi séð þetta gerast.

29.08.2011 14:37:33 / dadastadir

Landsmót smalahunda 2011

Landskeppni Smalahunda 2011 var haldin á Eyralandi um dagana 28. til 29. ágúst. Umgjörðin um keppnina var til fyrirmyndar eins og við var að búast og félagsskapurinn góður. Margir góðir smalar, með frambærilega og vel tamda hunda. Ég er s.s. enginn reynslubolti í þessum keppnum, en ég hef tilfinningu fyrir því að gæði keppinnar aukist ár frá ári.

Undirrituð var eini fulltrúi Daðastaða þetta árið og keppti með tvo hunda. Skottu frá Daðastöðum (undan Prins frá Daðastöðum og Pílu frá Garði/Daðastöðum) í A-flokki, og Pöndu frá Daðastöðum í unghundaflokki. Panda er undan Skottu og Dan.

Fyrir þá sem ekki vita í stuttu máli. A-flokkurinn er með lengstu og þyngstu brautina og þar keppa mest tömdu hundarnir eins og gefur að skilja. B-flokkurinn er með aðeins styttri braut og ekki gerð krafa um að hundurinn skipti hópnum upp – hugsaður fyrir hunda sem eru vaxnir upp úr unghundaflokknum, en ekki alveg tilbúnir í A-flokkinn. Unghundaflokkurinn er síðan fyrir hunda sem eru yngri en 3ja ára.



Við Skotta áttum góða daga og lönduðum 3ja sætinu í A-flokki. Við stöllum erum afar glaðar með það, enda öttum við kappi við bestu hunda landsins. Við erum búnar að vera duglegar að æfa á síðasta ári og það skilaði sér um helgina. Skotta er afbragðs tík. Hún er glerhörð, hefur óbilandi áhuga og mikla nærveru. Hún vill helst vinna hratt og sækja á féð. Ég hef því þurft að leggja rækt við lágu gírana og fjarlægðina í tamningunni. Hún er heldur stíf á meiningunni á köflum, en er þó alltaf í bata hvað það varðar og ég kys að líta á það sem lúxusvandamál 😊.

Í A-flokki kepptu 10 hundar og úrslit í A-flokki voru þessi (samanlögð stig giltu til úrslita)

1. Gunnar Guðmundsson og Taff frá Englandi (81/100 og 86/100 stig)
Taff er undan Teddy Moore Cap og Astley Fly
2. Hilmar Sturluson og Dot frá Wales (70/100 og 84/100 stig)
Dot er undan Nap og Nell
3. Elísabet (Lísa) Gunnardóttir og Skotta frá Daðastöðum (75/100 og 71/100 stig)
Skotta er undan Prins frá Daðastöðum og Pílu frá Garði/Daðastöðum

Við Panda áttum ágæta daga þó við lönduðum ekki verðlaunasæti. Við fengum 47/90 stig fyrri daginn og 60/90 seinni daginn. Frammistaða Pöndu var í samræmi við væntingar, fyrir utan að hún krossaði í úthlaupinu fyrri daginn, sem kostaði okkur 19 stig af 20 mögulegum. Ég viðurkenni að ég dauðsá eftir þeim stigum, en það gerir ekkert til. Panda er í mörgu lík mömmu sinni, en heldur hófstiltari útgáfa. Hún er áræðin, með mikla vinnugleði, er eðlislægt að vinna hratt og sækja á. Ég er alltaf að verða hrifnari af henni. Mér fannst á tímabili heldur nóg um tætinginn í henni, en hún hefur þroskast mikið á síðasta ári og tekið vel við tamningu. Ég hef lagt talsverða vinnu í hana, hún er farin að vinna nokkuð vel og orðin ágætlega hlýðin. Betur má ef duga skal, ég þarf að bæta í fjarlægðina hjá henni, ná betri stjórn á hraðanum og slípa eitt og annað.

Í unghundaflokki voru 8 keppendur og úrslit í Unghundaflokki eftirfarandi (samanlögð stig giltu til úrslita). Frábærir hundar sem eiga framtíðina fyrir sér 😊.

1. Svanur Guðmundson og Tinni frá Staðarbakka (63/90 og 64/90 stig)
Tinni er undan Díli frá Hæl og Lýsu frá Flekkudal
2. Aðalsteinn Aðalsteinsson og Kría frá Daðastöðum (61/90 og 66/90 stig)
Kría er undan Dan frá Daðastöðum og Soffíu frá Daðastöðum
3. Sverrir Möller og Bjartur frá Ytra-Lóni (64/90 og 55/90 stig)
Bjartur er undan Prins frá Daðastöðum og Fjáru frá Dalatanga

Ég set hér inn nýleg video af þeim mæðgum. Kindurnar eru auðvitað orðnar hálf leiðinlegar og svifaseinar af mikilli notkun. Það hefur sína kosti og galla þegar maður er að æfa. Úti á örkinni er ekki endilega jafn mikil yfirvegum á hlutunum.

Skotta, upptaka 21. Júlí 2011: <http://www.youtube.com/watch?v=IYSJwMhFABM>

Panda, upptaka 21. júlí 2011: <http://www.youtube.com/watch?v=XjJWIJLz4To>,

og eldri upptaka frá 16.1.2010 til samanburðar: <http://www.youtube.com/watch?v=WmwzoAeWbj4>.

Í B-flokki voru þrjú keppendur og úrslit þessi (samanlögð stig giltu til úrslita)

1. Valgeir Magnússon og Snót frá Grundafirði (23/90 og 40/90 stig)
Snót er undan Káti frá Bergi og Skottu frá Fossi
2. Bjarki Benediktsson og Trúska frá Breiðavaði (47/90 og 0/90 stig)
Trúska er undan Spora frá Súluvöllum og Tíko frá Breiðavaði
3. Jón Geir Ólafsson og Snúður frá Garðabæ
Snúður er undan Verði frá Hæl og Iðu frá Hæl (26/90 og 0/90 stig)

Dómari á mótinu var Martin Calvin Jones frá Wales

Bestu þakki til aðstandenda keppinnar og keppanda fyrir ánægjulega helgi. Spennandi tímar framundan!!! Hér eru síðan nokkrar myndir frá mótinu:

<http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/287976/>

Höf. færslu: Elísabet Gunnarsdóttir

29.08.2011 17:58:55

bjarki skrifaði

sæl Lísa, takk fyrir síðast.Flottar myndir og skemmtileg myndbönd,kveðjur frá Breiðavaði

30.08.2011 16:56:09

Lísa skrifaði

Takk sömuleiðis, og takk fyrir kveðjuna 😊)

22.08.2011 14:04:45 / dadastadir

Af utanlandsförum ofl.

Gunnar, Guðrún og Kiddi eru snúin aftur heim eftir tveggja vikna dvöl í Bretlandi þar sem þau lögðu stund á hugleiðslu og meinlætaliðnað. Óhefðbundið en lærdómsríkt sumarfrí. Þau hjónin notuðu ferðina líka í að skoða Huntaway hunda, og sáu nokkra álitlega. Hugmyndin var auðvitað sú að heyskapur yrði nánast búinn þegar þau færu út, en veðrið fyrri part sumars gerði út um þau plön. Þau ákváðu að láta

Það ekki stoppa sig og svo fór að þau þurftu að sætta sig við að fara frá hálfnuðu verki. Gunnar bóndi og aðrir fjölskyldumeðlimir sem hafa tök á að leggja hönd á plóginn, standa því í strögnu núna við að nýta þurrkinn og heyja.

Undirrituð getur sagt þær fréttir af sjálfri sér að hún hefur nýlokið námi sem hundabjálfari frá Danmörku. Námið stendur fyrir utan hið hefðbundna menntakerfi, eins og gengur og gerist með þetta nám, en er viðurkennt af Danska Kennel-klúbbnum sem er svipuð stofnun og Hundaræktunarfélag Íslands héraendis. Ég fór fyrst og fremst í gegnum þetta nám fyrir sjálfa mig, en aldrei að vita nema ég geri eitthvað meira með þetta í framtíðinni. Ég er a.m.k búin að læra ýmislegt gagnlegt og víkka sjóndeildarhringinn.



Höf. færslu: Lís Gunnarsdóttir

23.08.2011 07:39:14 / bjarki

bjarki skrifaði

sæl Lís, til hamingju með þetta, og gangi ykkur vel í heyskapnum. kveðja frá Breiðavaði

23.08.2011 08:48:58

Lísa skrifaði

Takk, takk Bjarki!

26.08.2011 23:29:54

Aldís skrifaði

til hamingju með það 😊

29.08.2011 08:00:10

Lísa skrifaði

Takk, takk 😊)

18.07.2011 21:01:07 / dadastadir

Frá Eyralandi

Í lok júní sóttum við Þorvarð á Eyralandi heim, skiluðum af okkur einni mórrauðri tík og skoðuðum hundsefnin á bænum í leiðinni. Ég fékk góðfúslegt leyfi til taka hundana upp og deila á netinu.



Við rákumst líka á þessa fallegu tarfa rétt fyrir utan Egilsstaði

Fyrsta upptakan er af Eyrú og önnur upptakan af Gosa. Þau eru bæði undan Mac og Lýsu, fædd í febrúar 2010. Mér skildist á Þorvarði að hann ætlaði að halda þessum eintökum, enda afar efnilegir hundar.

Hundur 1: http://www.youtube.com/watch?v=ay-F_6ZpoMI

Hundur 2: <http://www.youtube.com/watch?v=eBMoVpG9YHQ>

Hundur 3: <http://www.youtube.com/watch?v=geKA5tU3L30>

Þriðja upptakan er af Danna frá Uppsölum í Skagafirði. Hann er fæddur í apríl 2010 og er undan Mac og Blesu frá Dýrfinnustöðum í Skagafirði. Blesa er undan Rex frá Daðastöðum og Frigg frá Daðastöðum.

Laglega gert hjá Þorvarði.

Höf. færslu: Lís Gunnarsdóttir

19.07.2011 20:14:44

svanur skrifaði

Gaman að þessu.

20.07.2011 15:13:25

Lís skrifaði



24.07.2011 18:39:55 / bjarki

bjarki skrifaði

sæl Lís, frábært að geta horft á skemmtileg myndbönd, virkilega skemmtilegt.takk takk

15.07.2011 13:35:23 / dadastadir

Eitt og annað...

Heldur lítið líf á síðunni undanfarið. Það er engu að síður alltaf e-ð verið að temja og smá saman að koma betur í ljós hvað í unghundunum býr. Meira um það seinna...

Af öðrum verkefnum er helst að nefna að þeir feðgar Gunnar og Reynir hafa hafist handa við að klæða vélaskemmuna sem hefur verið í byggingu síðustu ár. Mér líst svo ljómandi vel á þetta hjá þeim að ég er helst að hugsa um að flytja inn sjálf 😊. Nokkrar myndir frá skemmubyggingunni má finna hér: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/287544/>



Að lokum set ég hér inn smá myndband sem Reynir bróðir tók upp, þegar við Panda brugðum á leik heima á Daðastöðum um daginn. Við fengjum nú sennilega ekki hátt fyrir þetta í hlýðnikeppni, enda einungis til gamans gert 😊. <http://www.youtube.com/watch?v=PvGExJC1aQ4>

Með kveðju frá Daðastöðum

08.06.2011 18:15:39 / dadastadir

Border Collie til sölu

Ég hef sett inn link hér til vinstri sem heitir "Border Collie til sölu". Þeir sem eru að leita sér að hundi geta skoðað þetta og sett sig í samband við Gunnar. Það hefur bæst heldur hratt í hundahópinn undanfarið. Auk ræktunarinnar á Daðastöðum hefur Gunnar innheimt nokkra tolla. Þar af eru margir spennandi hundar, en það er ekki hægt að halda öllu og orðnir heldur margir hundar á bænum.

Hér er síðan slatti af nýjum myndum. Flestar af söleintökunum, en ekki allar:
<http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/287223/>

Höf. færslu: Lísu Gunnarsdóttir

08.06.2011 18:17:01

Alda skrifaði

Mæli með að prófa þennan leik (: Geðveikt skemmtilegur og frír!
www.marapets.com/refer.php?id=Alda900

08.06.2011 18:18:55

bjarki breiðavaði skrifaði

gott framtak með þennan link og gaman að skoða sölumyndböndin sem leiða mann á enn fleiri myndbönd.

08.06.2011 20:02:58

dadastadir skrifaði

Alda: Takk fyrir kveðjuna. Aldrei að vita nema einhver hafi gaman að þessu.

Bjarki: Takk, takk. Það er smá saman að komast mynd á síðuna. Eins gott að blogcentral.is, leggji ekki upp laupana einn daginn...

11.07.2011 12:43:32 / bjarki

bjarki skrifaði

sæl Lísu, árið 2007 fékk ég hjá ykkur hvolp sem er undan Dan og frekknu ég finn ekkert um þessa frekknu geturðu nokkuð sagt mér eitthvað um hana, sumarkveðjur frá Breiðavaði.

15.07.2011 13:02:40

dadastadir skrifaði

Sæll Bjarki. Ég fékk eftirfarandi upplýsingar frá karli föður mínum. Frekna er ekki skráð í gamla grunninn. Faðir Freknu er Tryggur frá Kletti, og móðir Táta frá Daðasöðum. Upplýsingar um þau má finna á heimasíðu SFÍ. Bestu kveðjur, Lísu

Ungviðið

Hvolparnir undan Pressu og Cesar eru orðnir mánaðar gamlir. Þeir hafa þroskast fallega og bræða hjörtu. Sá með hvítu grímuna er hundur, restin tíkur. Á meðfylgjandi "link" eru nokkrar myndir af snúðunum: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/287150/>



Hvolparnir undan Pílu og Prins eru rétt rúmlega 3ja vikna og ekki síður hjartaknúsarar. Þessir tveir sem eru meira hvítir eru tíkur, en sá dekkri hundur. Hér má sjá nokkrar myndir af þeim: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/287151/>

Annars er sauðburður í fullum gangi. Það bera um 770 ær á bænum (gemsarnir eru ekki látnir bera) og þar af eru um 470 bornar. Ekki hefur verið hægt að setja út fram undir þetta sökum verðurs, og því orðið óþarflega þröngt á þingi. Við höfum þó ágætt húspláss, m.a. í hlöðunni, þannig þetta hefur bjargast ágætlega, en nú viljum við gjarnan fara að fá sól og sumaryl. Myndir frá sauðburði: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/287152/>

Með kveðjum frá Daðastöðum

Höf. færslu: Lísá Gunnarsdóttir

30.05.2011 00:04:58

bjarki breiðavaði skrifaði

flottar myndir, gangi ykkur vel með rest af sauðburði vonandi fáði þið vorblíðu sem allra fyrst vorkveðjur frá Breiðavaði

30.05.2011 19:21:21

Lísa skrifaði

Takk fyrir það. Vonandi hafa vorverkin gengið vel á Breiðavaði 😊

14.08.2011 20:22:21 / Ágústa Mithila Guðmundsdóttir

Ágústa Mithila Guðmundsdóttir skrifaði

hæhæ. Erupið að gefaæða selja? 😊 væri allveg til í eina svarta tík ef þið hafið 😊

22.08.2011 14:15:04 / <http://dadastadir.blogcentral.is/>

dadastadir skrifaði

Þetta eru allt sölueintök.

23.05.2011 19:46:24 / dadastadir

Fannfergi í maí

Um þessar mundir stendur sauðburður sem hæst á Daðastöðum. Burður gengur vel, en veðrið setur strik í reikninginn. Við erum með ágætt húspláss, það sér fyrir endann á veðrinu í vikunni og því ekki ástæða til að barma sér. Fréttir frá gossvæðinu suðaustanlands setja hlutina í samhengi.



Fleiri myndir teknar 22. maí 2011: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/287107/>

Með kveðju frá Daðastöðum

11.05.2011 17:58:13 / dadastadir

Í þá gömlu góðu daga

Ég set hér "link" inn á video sem ég rakst á hjá félagam mínum á netinu. Þetta er stutt myndbrot úr Stikkjum Ómars Ragnarssonar, þegar hann sótti Daðastaði heim fyrir þó nokkrum árum. Reynir og Birkir Gunnarssynir litlir og saklausir, og mamma glæsileg að vanda. Mér sýnist þetta vera hún Lúsý sem er með þeim bræðrum í upptökunni.



Myndbrot: <http://www.youtube.com/watch?v=q8khrDAeA-E&feature=autoshare>

Höf. færslu: Lís Gunnarsdóttir

08.05.2011 15:58:33 / dadastadir

Got - Píla og Prins

Á fimmtudaginn síðasta, eða þann 5. maí, fæddust hvolpar undan Pílu og Prins. Það hafa verið óvanalega mikil afföll í síðustu gotum hér á bæ og er það auðvitað alltaf svolítið grátlegt. Píla eignaðist sex hvolpa, en aðeins þrjú þeirra voru lifandi. Tvær tíkur og einn hundur. Þeim heilsast vel og eru sykursætir eins og hvolpum er von og vísa. Ég geri ráð fyrir að Gunnar haldi einum hvolpi úr þessu goti sjálfur, og Kiddi einum, en það kemur auðvitað allt í ljós... 😊



Hér eru nokkrar myndir sem Reynir tók: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/286951/>

Annars er það helst í fréttum að sauðburður nálgast og von á fyrstu lömbunum um næstu helgi. Líklegt að þeir sem kenna sig við Daðastaði verði með hugann við það næstu vikurnar.

Með góðum kveðjur frá Daðastöðum

28.04.2011 20:33:04 / dadastadir

2011 Got - Pressa og Cesar

Pressa og Cesar eignuðust erfingja aðfaranótt miðvikudagsins síðasta (Þriðjudag 26. apríl 2011). Það voru því miður nokkur aföll, en fimm fallegir hvolpar eru þó líklegir til að komast á legg. Fjórar tíkur og einn hundur. Þar af eru þrír brúnir sem er mjög skemmtilegt, en við höfum ekki fengið brúna hvolpa í mörg ár. Þetta got var reyndar svolítið af óvæntari endanum, en hvolparnir þurfa ekki að vera síðri fyrir það 😊.



Myndir af gotinu má sjá hér: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/286827/>

Með kveðju frá Daðastöðum

29.04.2011 21:45:02

Aldís á Svalbarði skrifaði

ji fallegir

03.05.2011 08:23:58

dadastadir skrifaði

Takk fyrir kveðjuna Aldís 😊

03.04.2011 19:13:27 / dadastadir

Væntanlegt got - Píla og Prins

Eitt got er væntanlegt frá Daðastöðum í fyrirsjáanlegri framtíð, en það er mun vera undan Pílu og Prins og er væntanlegt eftir ca. mánuð. Hvolparnir munu s.s. verða alsystkini Skottu. Myndir og ættir framangreindra hunda má skoða hér til vinstri. Það stendur síðan til að setja inn smá lýsingu og video fyrir hvern hund undir hvern "link" , en vefstjóri hefur því miður ekki gefið sér tíma í það ennþá.

Með kveðju frá Daðastöðum.

07.04.2011 20:56:10

bjarki skrifaði

alltaf gaman að fá hvolpa,og mundu góðir hlutir gerast hægt og örugglega.

07.04.2011 21:11:26

Lísa skrifaði

Óneitanlega óþarflega hægt stundum, en vonandi ertu sannspár hvað örugglega varðar 😊

19.02.2011 21:16:38 / dadastadir

Tamningar - unghundar

Það hefur viðrað vel til tamninga undanfarið og við feðginin höfum nýtt tímann ágætlega. Þar sem ég bý svo "illa" 😊 að vera staðsett í þéttbýlinu á Húsavík, þjálfá ég jafnan á Tjörnesinu, en þar hef ég afnot af nokkrum geldum gemlingum. Gunnar bóndi temur að sjálfsgöðu á Daðastöðum, og ég reyni að heimsækja hann reglulega til að taka út tamninguna 😊 og komast í sprækari kindur. Síðustu tvær helgar hef ég haft upptökuvélina meðferðis og hér fyrir neðan má sjá upptökurnar. Það er ævinlega gaman að spá í unghundana. Upptökurnar eru ekki í RÚV gæðum, en á þeim má þó greina mann, hund og fé og verður það látið duga að sinni.



Hér til að byrja með eru upptökur af þeim systur Pöndu og Skvísu (undan Dan og Skottu) og Doppu (undan Dan og Soffíu). Þær eru allar fæddar á árinu 2009 og eru á aldrinum 20-24 mánaða. Ég tók þær upp á sama tíma í fyrra þegar þær voru að stíga sín fyrstu skref, og læt þau myndbönd fylgja þannig áhugasamir geti skoðað hvernig þær stöllum hafa þroskast og tamist á síðastliðnu ári.

Panda er mest tamin af þeim systur. Panda er öflug og áræðin tík. Henni er eðlislegt að vinna hratt og sækja á féið. Hún kann öll undirstöðuatríðin, en við erum enn að ná samkomulagi um lágu gírana og fjarlægðina. Skuddarnir mínir eru óttaleg dauðyfli og gefa því ekki alveg rétta mynd af hundinum. Þegar kindurnar eru sprækari færast fjör í leikinn...

Panda 16.1.2010: <http://www.youtube.com/watch?v=WmwzoAeWbj4>

Panda 13.2.2011(NÝTT): <http://www.youtube.com/watch?v=PDNQocbiSco>

Skvísa er allt önnur týpa en systir sín. Hún er lægra gíruð og hefur eðlislæga mikla fjarlægð. Hana skorti aðeins sjálftraust til að byrja með, og því hefur ekki verið sett mikil pressa á hana í tamningunni. Henni hefur þó vaxið ásmegin eins og glöggir lesendur sjá og sýnir flotta takta.

Skvísa 16.1.2010: http://www.youtube.com/watch?v=IEI2BhKCT_o

Skvísa 19.2.2011(NÝTT): <http://www.youtube.com/watch?v=iQ41sxNzkho>

Doppa er minnst tamin af þeim systurum. Gunnari fannst hún ekki sýna alveg rétt þroskamerki fram undir þetta, en núna er hún klár í slaginn og fer vel fram.

Doppa 16.1.1010: <http://www.youtube.com/watch?v=04cP0b4UYXo>

Doppa 12.2.2011(NÝTT): <http://www.youtube.com/watch?v=TNIEAHi4DV8>

Hér að neðan eru síðan upptökur af tókum fæddum á árinu 2010 og eru þær á bilinu 9-11 mánaða. Þær eru allar að stíga sín allra fyrstu skref, þegar hér er komið við sögu. Þetta eru annars vegar systurnar Blúnda og Birna undan Dan og Skottu, og hins vegar systurnar Ída og Kvikk undan Mac og Pressu. Dan dettur öðru hverju inn í mynd, en hann var sérlegur aðstoðarmaður eftir þörfum.

Ýta er ljómadi efnileg tík. Hún vildi bara hlaupa hægri hringinn fyrst þegar Gunnar var að fara með hana, en er að finna taktinn og virðist ætla að verða yfirvegaður og frambærilegur hundur.

Ýta 12.2.2011: http://www.youtube.com/watch?v=kJW_JA4Kmfc

Kvikk er ekki síðri en systir sín. Hún er með aðeins annan stíl þó ýmislegt sé líkt með þeim. Hún sækir meira á kindurnar og er eins og með meiri drift.

Kvikk 12.2.2011: <http://www.youtube.com/watch?v=v0fiLx9zeT0>

Birna sýndi lítinn áhuga til að byrja með, en er hrokkin í gang og ekkert sem bendir til annars en hún verði afbragðs hundur.

Birna 12.2.2011: <http://www.youtube.com/watch?v=S1x4HtqbEx0>

Blúnda er frábært hundsefni að öðrum ólöstuðum. Sérlega skemmtileg blanda af foreldrum sínum Skottu og Dan.

Blúnda 25.2.2011: <http://www.youtube.com/watch?v=RuvEuhiLhpA>

Hér neðst set ég síðan inn myndband af Roða litla. **Roði** er undan Rós frá Daðastöðum og Gutta frá Snartarstöðum. Hann er um 4 mánaða og við leyfðum honum að hlaupa svolitla stund með Dreka mínum svona til gamans fyrir hann og okkur.

Roði 19.2.2011: <http://www.youtube.com/watch?v=yxo0W0ikC4U>

Með góðum kveðjum frá Daðastöðum

Höfundur færslu: Lís Gunnarsdóttir

20.02.2011 13:08:33

Varsi skrifaði

Þið eruð með fangið fullt af efnilegum hundum. Það verður ekki auðvelt að mæta ykkur jafnfætis í framtíðinni.

Eg er strax orðinn spenntur að sjá hvernig hvolparnir undan Dan og Lýsu koma út.

En ég veit ekki hvort að það er óhætt að tjá sig eitthvað um hvern og einn???

Dugnaður í þér Lísu að taka þetta upp og setja hér inn, mjög gaman að sjá þetta!!!

20.02.2011 19:18:20 / Bjarki Breiðavaði

Bjarki Breiðavaði skrifaði

frábær myndbönd af glæsilegum hundum.gott framtak hjá þér og við hundaáhugafólk njótum góðs af.Takk fyrir og gangi þér allt í haginn.

21.02.2011 13:02:10

Einar Jóels. skrifaði

Frábært!! Gaman að sjá öll þessi efni,frábært framtak Lísu,alltaf gaman að lita hér inn og sjá hvað er að gerast í hundaræktini og tamningunum hjá ykkur á Daðastoðum!!

22.02.2011 18:06:49

Lísa skrifaði

Kærar þakkir fyrir kveðjurnar. Alltaf notalegt að fá klapp á bakið 😊. Vonandi rætist vel úr þessum hundsefnum. Fæst orð bera minnsta ábyrgð, þó það sé gaman að spá og spekúlera svona í upphafi ferðar. Það verður gaman að eiga þessar upptökur þegar fram líða stundir. Já Varsi, það er tilhlökkunarefni að sjá hvernig Lýsa og Dan blandast saman.

03.03.2011 21:31:11 / Snædís

Snædís skrifaði

Flott mynbönd og gaman að sjá!
Langar til að forvitnast um námskeið hjá ykkur...er eitthvað svoleiðis á næstunni ?

13.03.2011 13:17:02

Guðfinna skrifaði

Vá hvað mig vantar kindur í garðinn 😊 Þetta er geggjað að sjá systur Tásu svo klárar.

15.03.2011 20:31:56

Lísa skrifaði

Sæl Guðfinna. Já, það væri gaman að skoða smalaeðlið í Tásu. Þið stóllur megið gjarnan koma í heimsókn til mín e-n daginn ef ykkur langar að prufa 😊

15.03.2011 20:42:58

dadastadir skrifaði

Sæl Snædís. Þú færð svar við fyrirspurninni með pósti. Kv. frá Daðastöðum.

20.03.2011 10:59:41 / Hallfríður Ósk

Hallfríður Ósk skrifaði

Skemmtileg myndbönd og gaman að sjá systurnar hennar Öskju minnar svona klárar í vinnu. Eflir mann upp í að reyna að komast í einhvern skóla með hana.
kveðja úr Húnaþingi

20.03.2011 20:56:07 / Lísa

Lísa skrifaði

Takk fyrir kveðjuna Hallfríður, og takk fyrir síðast 😊. Vonandi gengur vel hjá ykkur Öskju. Vertu ófeimin við að hafa samband, ef þú ert að velta e-ju fyrir þér.

29.04.2011 21:47:24 / Aldís

Aldís skrifaði

já verða einhver námskeið á næstunni? Er með einn 8 mánaða sem ég væri til í að fara með og svo erum við líka með bróður hans Roða. Endilega sendu mér skilaboð

08.05.2011 13:48:43

dadastadir skrifaði

Þú færð svar með e-mail. Kv.

16.01.2011 20:01:14 / dadastadir

Leitarhundar sóttir heim

Við Panda skruppum á snjóflóðaæfingu hjá Leitarhundum í Hlíðarfjalli á Akureyri um síðustu helgi, og kynntum okkur hvernig þjálfun leitarhunda fer fram. Við fengum að spreyta okkur í æfingum fyrir byrjendur og höfðum mjög gaman af. Ekki er afráðið hvort við stöllum höldum áfram æfingum. Áhuginn er fyrir hendi, en tíminn heldur naumur til að bæta fleiri járnum í eldinn. Við sjáum til... Það hefur verið vinsælt um árabíl að nota Border Collie sem leitarhunda, enda hafa þeir reynst vel. Það var þó bara einn slíkur á æfingunni sem við mættum á (restin var Labrador). Sá var frá Þorvarði á Eyralandi, undan Lýsu og Mac 😊. Það er auðvitað ekki komin reynsla á hann ennþá, enda rétt að verða árs gamall, en hann var efnilegur eftir því sem ég gat best séð. Við Panda þökkum Leitarhundum kærlega fyrir góðar móttökur.



Hér eru nokkrar myndir frá æfingunni: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/285717/>

Hér er síðan linkur inn á síðu Leitarhunda fyrir áhugasama: <http://www.leitarhundar.is/>

Höf. færslu: Lísá

04.10.2011 11:01:14

Sara Ómarsdóttir skrifaði

Sæl Lísa,

Það er gaman að segja frá því að við Huginn kláruðum B-próf í víðavangssleit núna um helgina. Við erum þá komin á útkallslista hjá Landsbjörgu og bjsv. Súlum. Stefnan er svo tekin á B-próf í snjóflóðaleit núna í vetur 😊

Vertu alltaf velkomin með okkur.

kv. Sara og Huginn

09.10.2011 12:11:08 / <http://dadastadir.blogcentral.is/>

dadastadir skrifaði

Til hamingju 😊. Gaman að heyra!

26.12.2010 12:33:46 / dadastadir

Gleðileg jól og farsælt komandi ár

Kæru vinir, félagar, áhugamenn um fjárhunda og aðrir góðir gestir. Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Kærar þakkir fyrir liðið. Vonandi fara allir í hundana en enginn í jólaköttinn 😊.

Jólakveðja frá fjölskyldunni á Daðastöðum



Fjölskyldan á Daðastöðum saman komin, að Óla undanskildum, sem heldur jólin hátíðleg með sinni fjölskyldu á Ak.

Fleiri myndir frá jólum:
<http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/285479/>

30.12.2010 13:13:19

Haldór skrifaði

Sömuleiðis og takk fyrir skemmtilega síðu 😊

14.01.2011 19:06:05 / bjarki breiðavaði

bjarki breiðavaði skrifaði

sæl Lísa.fallegar myndir af fallegu fólki.gleðilegt ár takk fyrir það gamla sérstaklega landsmótið í sumar. En var ekki stefnt á útgáfu nýs kennslumyndbands fyrir hundaáhugamenn hvernig gengur sú vinna

15.01.2011 08:15:44

Lísa skrifaði

Sæll Bjarki, og takk kærlega sömuleiðs. Ekki rætast öll fyrirheit þó þau séu fögur 😊. Það varð því miður ekki úr upptökum síðasta vor eins og stóð til ...alltaf e-ð meira aðkallandi sem þurfti að sinna. Myndbandið er engu að síður enn á dagskrá.

21.12.2010 20:07:55 / dadastadir

Jólaklippingin í ár

Bændur þurfa að bregða sér í ýmis hlutverk sem gjarnan ráðast af árstíma. Þessa dagana er Gunnar í hlutverki sérlegs hárgreiðslumeistara. Það fer ekki á milli mála hvað er aðal "trendið" í dag, viðskiptavinirnir eru allir snoðaðir þegar Gunnar hefur lokið sér af við þá. Þó er einn og einn með sítt að aftan. Heldur einsleitt ef þið spyrjið mig... 😊. Biðlistinn er langur eins og á öllum betri klippistofum í desember og knúnnahópurinn er stór, en þúsund fjár bíður þess að fá jólaklippinguna.



Hér er stutt myndskaið: <http://www.youtube.com/watch?v=iE5J9LCJWH4>

Jólakveðja frá Daðastöðum

Höf. færslu: Lísá

22.11.2010 19:52:21 / dadastadir

Smalahundamót á Ytra-Lóni

Við „fjölskyldan“ á Húsavík lögðum land undir fót og sóttum Sverri Möller heim á Ytra-Lón, fyrstu helgina í nóvember. Ástæða ferðarinnar var smalahundamót Austurlandsdeildar Smalahundafélags Íslands. Ekki blés byrlega á leiðinni og lítið útlit fyrir smlaveður, en þegar við komum yfir í Þistilfjörðinn birti til og þegar komið var út á Langanesið var þrýðilegt veður. Sverrir og félagar hafa náð góðum samningum við veðurguðina.

Ég leyfði öllum mínum kálfum að hlaupa brautina, enda skyldumæting þegar ekki er lengra að sækja vígstöðvarnar en yfir í Þistilfjörðinn. Hundarnir voru að vísu búnir að standa óhreyfðir óþarflega lengi. Eigandinn er búinn að vera að þvælast í útlöndum og auk þess hafa snjóalög verið óhagstæð.

Vel var staðið að keppninni. Brautin fín og kindurnar gáfu vel eftir. Þar að auki var glæsilegt kaffihlaðborð í lok dags. Hver hundur fékk eitt rennsli. Pabbi sá um dómgæsluna, en það dugði mér þó ekki til sigurs nema í einum flokki 😊.

Unghundar

Við Panda kepptum í unghundaflokknum ásamt fimm öðrum unghundum. Ekki skiluðum við stöllum mörgum stigum, en sú litla krossaði í úthlaupinu og síðan sagði reynsluleysið til sín þegar hún var að koma með þær og hópurinn leystist upp áður en hún náði höfn. Panda er rúmlega 1 og ½ árs, þó nokkuð tamin og ég er nokkuð ánægð með hana, þó hún hafi ekki fengið tækifæri til að sýna á sér betri hliðarnar að þessu sinni. Við erum

báðar ennþá að læra 😊. Úthlaupið er enn í mótun og ég er ekki farin að senda hana mjög langt. Ótvíræðir sigurvegarar í þessum flokki voru Helgi og Snúlla frá Snartarstöðum (undan Dan frá Skotlandi/Daðastöðum og Lars frá Daðastöðum).

B-flokkur

Við Skotta fórum í gegnum brautina á mikilli siglingu (ef Skotta væri bíll þá væri hún með beina innspýtingu) en óþarfa zig-zag í rekstrinum var einkum það sem dró okkur niður. Við hlutum engu að síður 60 stig og það dugði okkur til sigurs. Það hefði verið gaman að hafa fleiri þátttakendur í B-flokki, en við vorum bara þrjú.

A-flokkur

Nokkuð góð þátttaka var í A-flokknum eða sex hundar og þar á meðal bróðurpartur bestu hunda landsins. Okkur Dreka gekk ágætlega að mörgu leyti og skiluðum fullri braut. Það týndust aftur á móti af okkur of mörg stig í brautinni og við stóðum uppi með 61 stig í lokin. Þar réði mestu úthlaupið, en þar misstum við 10 stig af 20 mögulegum. Dreki kom ekki auga á kindurnar strax og hljóp beint af stað áður en hann reif sig til hliðar fyrir kindurnar. Sigurvegarar dagsins voru Sverrir Möller og Prins frá Daðastöðum (undan Soffíu frá Daðastöðum og Tígli frá Eyralandi) og voru þeir félagar vel að sigrinum komnir.

Frekari fréttir af mótinu og myndir má finna á heimasíðu Smalahundafélags Íslands:

<http://smalahundur.123.is/blog/>

Lísa Gunnarsdóttir

25.10.2010 22:07:24 / dadastadir

Göngur og réttir 2010

Fyrstu göngur hófust á fimmtudegi 16. september og á föstudegi var smalað í Katastaðarétt að venju. Á laugardeginum var réttað og á sunnudeginum smöluðu bændur heimalönd sín. Aðrar göngur voru síðan helgina þar á eftir. Allt fór þetta fram með mestu ágætum. Síðustu ár höfum við verið að slást við myrkrið báðar helgarnar, og var því ánægjuleg nýbreytni að koma heim í björtu þetta árið. Hestarnir voru brattir framan af, en fóru að hósta þegar á leið fyrri göngur. Í seinni göngum var fátt um fína drætti og þurftum við að skilja hluta stóðsins eftir, en hinn hlutann keyrðum við upp á heiði. Við þurftum því að treysta á tvo jafnfljóta og besta vininn í meira mæli en stundum áður. Þetta kom þó ekki að sök. Það var lítið af fé í heiðinni, enda hafði smalað vel helgina áður. Sjúklingarnir eru á batavegi og vonandi að þeir hristi þetta af sér áður en mestu vetrarhörkurnar byrja.



Hér eru fleiri myndir frá réttum Núpsveitunga:
<http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/284685/>

15.09.2010 14:23:30 / dadastadir

Panda "bragðarefur"

Það er hægt að kenna border collie ýmislegt annað en að smala 😊. Ég set hér inn til gamans video sem ég vann fyrir skólann sem ég stunda nám við í DK. Þetta er hún Panda mín sem er eins og hálf árs, og undan Skottu og Dan. Í fyrri hluta myndbandsins er ég að kenna henni að setja höfuðið í fötu á skipuninni "skamm", en í því seinna er ég að kenna henni að krossa fætturnar. Í stuttu máli er hugmyndin sú að verðlauna hundinn fyrir þá hegðun sem er eftirsóknarverð hverju sinni. Hundurinn á helst að eiga frumkvæði sjálfur. Til að byrja með verðlaunar maður (verðlaun geta verið hrós, nammi o.s.frv., allt eftir því hvað virkar fyrir hundinn) fyrir allt sem getur flokkast undir viðleitni og síðan eykur maður kröfurnar smám saman. Litla skottan var ótrúlega snögg að tileinka sér þetta.

http://www.youtube.com/watch?v=cQsDJ1h1_Rs

Annars er það helst í fréttum að 1. göngur og réttir hjá Núpsveitungum hefjast núna á fimmtudaginn og standa fram á sunnudag. Veðurspáin er ekki sérlega spennandi, en við vonum það besta...

Höf. færslu: Lísá

20.09.2010 09:27:02

Lísá skrifaði

Setti óvart inn vitlausa slóð fyrir myndbandið. Held ég sé búin að laga það. Kv.

Dagbjört skrifaði

Mjög skemmtilegt að skoða þetta myndband, Panda virðist klár og ekki síður eigandinn að kjósa að nota jákvæða styrkingu! 😊

28.09.2010 16:36:15

Lísa skrifaði

Takk, takk fyrir hönd okkar beggja 😊.

08.09.2010 20:45:21 / dadastadir

Landsmót smalahunda 2010

Síðustu helgina í september var Landsmót smalahunda 2010 haldið á Vorboðavelli við Blönduós. Þetta var ljómandi fínt mót, ágæt þáttaka, margir efnilegir og vel tamdir hundar, og flottir smalar 😊. Umgjörðin var til fyrirmyndar og verðlaunin glæsileg. Kunnum við aðstandendum keppinnar, þáttakendum og góðum gestum kærar þakkir fyrir helgina.

Við stöllur (Skotta og Lísa) kepptum í B-flokknum og lönduðum 1. sætinu. Ég er ákaflega stolt af tíksu, en hún lætur sér fátt um finnast. Skotta er kjarnatík; hún er kjarkmikil, hefur mikla nærveru, gott úthald og fer hratt yfir. Hún fer fallega og er komin með nokkuð góða vinnufjarlægð, en hefur ennþá tilhneigingu til að sækja heldur mikið inn á féið þegar hún fer fyrir. Einkum ef einhver ferð er á gripunum. Það er og eitt og annað sem þarf að slípa betur, en ég verð ekki svikin af henni í göngunum í haust.



Ég ætlaði að freista gæfunnar með Dreka minn í A-flokknum, en dró hann úr keppni þar sem kindurnar voru honum ofviða. Dreki minn hefur alderi verið nein hetja, en ég hef ekki áður séð hann bera sig eins illa og raun þar vitni á mótinu. Dreki hefur reynst mér afar vel í gegnum árin og virkað mjög vel á kindur sem gefa sæmilega vel eftir. Það er ýmislegt sem bendir til þess að e-ð sé farið að gefa sig í skrokknum hjá honum. Ég hef orðið vör við að hann veigrar sér við árekstrum í meira mæli en áður og kveinkar sér við minni áföll.

Pabbi fór með Dan í sína jómfúrurferð í keppni. Dan er flott eintak af hundi en var ekki í nógu góðu formi um helgina. Hann átti góða spretti, en var eins og aðeins utan við sig á köflum. Hann átti aftur á móti nokkur mjög efnileg afkvæmi í keppninni, sem verður gaman að fylgjast með á næstu árum.

Svo mörg voru þau orð. Ég set hér inn nokkrar myndir frá mótinu, sem segja sína sögu:

<http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/283968/>

Höfundur færslu: Lís Gunnarsdóttir

09.09.2010 21:48:03

Ingi Már skrifaði

Til hamingju með glæsilegan árangur hjá ykkur. Er fullur eftirvæntingar að sjá hvað sonurinn Zorro verður öflugur (áður blacki) nægur er áhuginn kannski svoldið virkur.kv.frá Suður-fossi

13.09.2010 13:22:42

dadastadir skrifaði

Takk fyrir það Ingi. Gaman að fréttu af Zorro. Vonandi á eftir að ganga vel með hann. Hvernig grær augað?

17.08.2010 21:02:42 / dadastadir

Kofaferð

Við systkinin, að Reyni undanskildum, riðum upp í gangnakofa Núpsveitunga á Laugardaginn þar sem við gistum um nóttina. Það var úrhelli á leiðinni upp í heiði og því kærkomið að komast í náttstað. Óli bróðir töfraði fram veitingar, síðan voru tekin fram spil og kverkarnar vættar fram undir, og lítilliga yfir, háttatíma. Veðrið var okkur hagstæðara á sunnudaginn þar sem blíður hnúkaþeyr fylgdi okkur heim. Hér koma nokkra myndir til gamans: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/283637/>



13.08.2010 22:31:18 / dadastadir

Heyskap lokið

Fátt hefur verið um fína drætti á síðunni í sumar, og ber vefstjóri fyrir sig annríki. Hér verður stiklað á stóru...

Sauðburður rúllaði sinn vanagang. Það munaði um þær ær sem báru í apríl, en sjaldan hefur verið jafn rúmt pláss og þennan burðinn. Slefan gerði vart við sig, en annars gekk burður vel og tíðin var með ágætum. Nýjar girðingar risu og á meðan aðrar voru rifnar. Nokkuð hefur verið um hundatamningar en þó líklega ekki eins mikið og menn vildu, svona eins og gengur. Roy (huntaway) sýndi ekki þær framfarir sem vonast hafði verið eftir og flutti að heiman í sumar. Hann lifir nú í góðu yfirlæti sem heimilishundur hjá þóru systur Gunnars á Kárastöðum.

Heyskap lauk núna á þriðjudaginn síðasta, en þá var síðasta rúllan rúlluð og plöstuð. Eitthvað voru vélarnar að stríða mannskapnum á síðustu metrunum en allt fór vel að lokum rétt eins og í góðri skáldsögu. Enn á eftir að keyra heim rúllunum. Hirtir voru tæpir 80 hektarar og gáfu þeir rúmar 800 rúllur. Hér má finna myndir: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/283569/>



Síðusta daga höfum við verið að reka undir hestana og huga að því að undirbúa þá undir göngur. Hestarnir fengu að vísu hestapestina eins og þorri hesta landans, núna síðsumars, en sýna væg einkenni. Núna um helgina stendur til að láta reyna á heilsuna og ríða upp í gangnakofa, og gista þar eina nótt.

Höfundur færslu: Lís Gunnarsdóttir

13.05.2010 22:30:27 / dadastadir

Eitt og annað...

Eins og kom fram í fréttaskrifum hér í síðasta mánuði var sauðburði þjófstartað í byrjun apríl. Fjöldi þeirra áa sem báru um miðjan apríl fór fram úr "björtustu" vonum (um 100 ær), og samfara því óvæntar annir eins og gengur. Ekki vildi betur til en svo að þeir feðgar, Birkir og Gunnar, sem skruppu í tveggja vikna ferð til London áttu ekki afturkvæmt fyrr en viku seinna. Gjóska í háloftunum reyndist þeim farartálmi og voru því fjarri góðu gamni þegar best lét. Burður gekk engu að síður vel og ættu að verða a.m.k nokkrir vænir sauðir í haust. Það styttist óðum í seinni hluta sauðburðar sem hefst núna um miðjan maí.



Hvolparnir þrífást vel, og er bæði bústnir og borubrattir. Hér eru nokkrar myndir úr goti Skottu og Dan tekna um síðustu helgi þegar þeir eru rétt rúmlega fjögurra vikna.

<http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/282057/>

Hér eru síðan myndir af tíkunum undan Pressu og Mac sem tekna voru fyrir um þremur vikum. Þarna eru þeir fjögurra vikna og nokkrum dögum betur. Nýjar myndir við fyrsta tækifæri.

<http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/282058/>

Kærar kveðjur af Norðaustur horninu.

14.05.2010 00:50:33

Guðfinna skrifaði

Æðislegar myndir af þeim 😊

14.05.2010 07:44:28

Lísa skrifaði

Þetta eru efni í fyrirsætur 😊

15.04.2010 20:55:53 / dadastadir

Já við erum ótrúlega sætir!!!



Fimm daga gamlir. Stærri mynd: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/281548/>

15.04.2010 23:18:25 / Guðfinna

Guðfinna skrifaði

Er e-r af þessum hvolpum ekki frátekinn?
Ég sendi þér mail í dag að spyrja út í gotið.
Kv Guðfinna

16.04.2010 14:32:00

Lísa skrifaði

Við verðum í sambandi! Kv.

10.04.2010 13:08:07 / dadastadir

Got - Skotta og Dan

Skotta eignaðist sex hrausta hvolpa á fimmtudaginn síðasta, eða þann 8. apríl. Kynjaskiptingin var jöfn í þetta skiptið, þrjár tíkur og þrír hundar. Hundarnir eru allir talsvert dökkir og líkir mömmu sinni að því leyti, en tíkurnar líkari föður sínum. Ein þeirra er reyndar alveg sérstaklega skrautleg eins og myndirnar sýna betur.

Myndir: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/281409/>

Örstutt video: http://www.youtube.com/watch?v=M4Ni_KIfnKM&feature=player_embedded



Með kveðju frá Húsavík.

07.04.2010 19:49:03 / dadastadir

Páskalömb

Páskalambið var á fæti þetta árið, en fjórar ær báru átta lömbum um páskahátíðina. Veturgamall hrútur í "rollugæru" villti á sér heimildir í haust sem varð til þess að hann gekk heldur lengi úti með ánum. Honum hefur líklega ekki leiðst útigangan, því von er á burði hjá um 60 ám fyrir apríllok. Undir venjulegum kringumstæðum hefst sauðburður á Daðastöðum ekki fyrr en um miðjan maí.

Hér eru nokkrar myndir af páskalömbunum sem Reynir tók á laugardaginn síðasta, ásamt nokkrum nýjum myndum af Pressu og hvolpunum: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/281232/>



27.03.2010 21:07:44 / dadastadir

Got - Pressa og Mac

Það skipast á skin og skúrir í hundaræktinni sem og annars staðar. Pressa gaut sjö hvolpum á sunnudaginn síðastliðinn, eða 21. mars 2010. Það er sannarlega sorglegt að segja frá því að þrír þeirra fæddust látnir, og tveir dóu stuttu seinna. Þetta voru eðlilega mikil vonbrigði og ekki gott að segja hvað veldur þegar svona gerist. Eftir standa engu að síður tvær fallegar litlar tíkur, sem eiga óskipta athygli móður sinnar og okkar hinna. Hér eru nokkrar myndir af þeim mæðgum sem voru teknar í dag.
<http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/281072/>



Höfundur færslu: Elísabet Gunnarsdóttir

30.03.2010 16:29:43

Svanur skrifaði

Æ,æ svona getur þetta farið.

Það hefur hinsvegar aldrei verið hrakið, að það eru langbestu efnin sem komast af í svona skelfingum. Til hamingju með þessar tvær tíkur sem eiga eftir að gera garðinn frægann.

30.03.2010 17:21:49

Lísa skrifaði

Takk fyrir það Svanur! Vonandi reynistu sannspár 😊

04.04.2010 12:16:37

Varsi skrifaði

Þetta var skítt. En til hamingju með það sem þó er.

Er pabbi þinn kominn heim?

Ætlið þið að koma á keppni þann 17.?

04.04.2010 15:57:34

Lísa skrifaði

Sæll Varsi.

Ég var aðeins búin að láta mér detta það í hug.

Ég hefði áhuga á að koma og spreyta mig í nýju umhverfi með nýjar kindur. Ég fæ reyndar hjartsláttartruflanir um leið og einhver minnst á keppni, en það drepur mig varla að missa úr nokkra

slætti 😊.

Ég þarf samt aðeins að sjá til. Ég efast um að þabbi verði kominn heim, en það væri auðvitað ólíkt meira gaman að hafa ferðafélaga. Auk þess hittist þannig á að tíkin mín verður að öllum líkindum nýlega gotin... Mér líst samt vel á þetta og vona að það verði góð mæting ...og gott veður 😊

Kv. Lísá

15.03.2010 21:12:26 / dadastadir

Væntanleg got 2010

Tvö got eru væntanleg á þessu ári. Það styttist verulega í annað þeirra, en Pressa fór undir Mac hans Þorvarðar á Eyralandi og er gotið væntalegt á næstu dögum.

Hitt er gotið er undan Skottu og Dan, og er væntalegt í byrjun apríl. Það var óvenjulegt got sem kom frá þeim í fyrra þegar níu litlar systur litu dagsins ljós. Tíkurnar hafa verið að koma vel út, en vonandi verða einhverjir hundar í hópnum að þessu sinni.

Með góðum kveðjum frá Daðastöðum.

24.02.2010 21:45:42 / dadastadir

Tíkur fæddar 2009 í kindum

Það viðrar ekki vel til tamninga þessa dagana, að minnsta kosti ekki hér á norðaustur horninu. Snjórinn hefur hlaðist upp undanfarna viku, og með öllu ófært að eiga við kindur. Annars hefur tíðin fram að þessu verið okkur hliðholl, það eina sem hefur vantað upp á eru lengri dagar 😊.



Við erum aðeins byrjuð að fara út með tíkurnar, sem við héldum eftir úr gotunum frá því í fyrra. Við tókum upp nokkrar æfingar í desember og janúar, og ég set upptökurnar hér inn til gagns og gamans.

Þarna eru þær að stíga sín fyrstu skref. Tvær yngir tíkurnar hafa, þegar þarna er komið við sögu, farið e-ð innan við fimm skipti, þær eldri aðeins oftar. Stíllinn er því ennþá talsvert frjálsslegur, en á þessu stigi tamningar er einkum lögð áhersla á að hundurinn öðlist sjálfstraust, fái tilfinningu fyrir að að halda hópnum saman og að smalanum.

Hugmyndin er síðan að setja inn myndskreið af sömu hundum að einhverjum mánuðum liðnum á seinni stigum tamningar.

Fyrsta upptakan er af Doppu undan Dan og Soffíu. Hún er u.þ.b. 7,5 mánaða þegar þetta er tekið upp. Hún er yngst af þeim stöllum og ber þess merki með hvólpslegu fasi.

<http://www.youtube.com/watch?v=04cP0b4UYXo>

Þessi upptaka er af Snöru undan Pílu og Dan. Hún er u.þ.b. 9,5 mánaða þegar þetta er tekið. Hún byrjaði snemma að sýna fé áhuga og er mikill orkubolti, en eins og aðeins annars hugar í þessari upptöku.

<http://www.youtube.com/watch?v=BEHiHxT7KIs>

Þessi upptaka er af Skvísu undan Skottu og Dan. Hún er u.þ.b. 10,5 mánaða þegar þetta er tekið upp. Hún heldur sig óþarflega langt frá kindunum ennþá, en vex ásmegin með hverju skipti og á eftir að færa sig nær.

http://www.youtube.com/watch?v=IEI2BhKCT_o

Síðast en ekki síst 😊 er það Panda tík vefstjóra og alsystir Skvísu hér að ofan. Hún hefur talsvert annan stíl en systir sín, eins og sést þegar myndbandið er skoðað. Hún er vinnufús og áræðin, en þarf að venja sig á að vinna fjær hópnum. Hún grípur óþarflega mikið í þær, en ég hef ekki svo miklar áhyggjur af því að svo stöddu. Aðalatriðið er að heinni finnst gaman og hún fái tilfinningu fyrir að halda hópnum saman. Fyrri myndbandið er tekið upp í desember og seinna myndbandið í janúar þegar hún er um 10,5 mánaða.

<http://www.youtube.com/watch?v=-ml4WittoL0>

<http://www.youtube.com/watch?v=WmwzoAeWbj4>

Höfundur færslu: Elísabet(Lísa) Gunnarsdóttir

08.03.2010 13:07:57 / <http://123.is/dalsmynni>

svanur skrifaði

Sæl Lísa og takk fyrir þetta.

Alltaf gaman að spá í byrjunina hjá ungvíðinu.

Ef þú ættir upptöku með vinnutöktunum hjá Dan finnst mér nú að hún ætti heima hérna á síðunni .

Með góðri kveðju.

08.03.2010 20:45:07

dadastadir skrifaði

Takk fyrir það Svanur! Já, það er ljómandi góð hugmynd. Ég athuga með að festa hann á filmu við tækifæri 😊

15.03.2010 11:41:00 / Þóra Kóps

Þóra Kóps skrifaði

Sæl Lísa og Gunnar

Þetta er gaman að sjá hjá ykkur tíkin sem við fengum frá ykkur undan Dan og Soffíu er að koma vel út ég er aðeins farin að fara með hana í hólf. Hún er algjörlega óhrædd og fer vítt ég get alveg sagt það að

Þetta er besta efni sem ég hef fengið í hendurnar. Hún fékk nafnið Bytta vegna mikins áhuga á bjór .
Kveðja frá Snæfellsnesi

15.03.2010 20:49:46

Lísa skrifaði

Reglulega gaman að heyra það! Hehe.. Bytta litla 😊. Pabbi skilar kveðju.

04.02.2010 21:07:39 / dadastadir

Heimsókn úr Fljótunum

Á laugardaginn síðasta fengum við heldur betur góða gesti í heimsókn þegar nokkrir ágætir bændur úr Fljótunum sóttu okkur heim. Þrír með tíkur úr goti Dans og Skottu síðan í lok febrúar 2009, og þrír með hunda úr goti Dans og Pílu síðan í lok mars 2009.



Gunnar var með dags námskeið fyrir þá félagar og má sjá myndir frá námskeiðinu með því að smella á linkinn hér að neðan, eða undir myndasöfn.

<http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/279770/>

Undirrituð hafði hlakkað mikið til að sjá hundsefnin, ekki síst litlu skotturnar sem hún hafði ómælda ánægju af að sýsla með síðasta vor, og varð ekki fyrir vonbrigðum. Þetta voru frambærileg eintök og engin ástæða til annars en úr verði prýðilegir smalahundar.

Höfundur færslu: Lísa Gunnarsdóttir

05.02.2010 21:48:37 / <http://tekkur.123.is>

valli skrifaði

Þeir ættu ekki að vera hundlausir í Fljótunum í haust. kveðja Valli

10.02.2010 21:58:05

Jón og Íris skrifaði

Við megum þakka fyrir það búaliðið að heimta karlana okkar aftur heim úr þessari lærdómsríku skemmti ferð. Takk fyrir góðar móttökur. kveðja Íris Þrasastöðum

11.02.2010 19:58:44

dadastadir skrifaði

Takk fyrir kveðjurnar! Við vonum að smölum og hundum farnist vel 😊

27.01.2010 22:27:16 / dadastadir

Myndbandið komið með nýtt heimili

Myndbandið hans Gunnars frá 1991 má nú finna hér til vinstri undir: "Myndbönd og kennsluefni". Meira efni að vænta undir þessum link þegar fram líða stundir.

02.01.2010 18:41:33 / dadastadir

Stóð ég úti í tunglsljósi...

...en það átti svo sannarlega við um þessi áramót. Við á Daðastöðum kvöddum gamalt ár og heilsuðum nýju í óvanalega fallegu veðri að þessu sinni.



Nokkrar myndir frá fjölskyldubrenninni á Daðastöðum áramótin 2009:

<http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/278962/>

25.12.2009 12:46:53 / dadastadir

Gleðileg jól og farsælt komandi ár

Kæru vinir, félagar, áhugamenn um fjárhunda og aðrir góðir gestir. Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Vonandi fara allir í hundana en enginn í jólaköttinn 😊.

Jólakveðja frá fjölskyldunni á Daðastöðum



Þessi mynd er að reyndar síðan á jólum 2007, en það kemur vonandi ekki að sök.



Panda litla (10 mánaða á aðfangadag) í jólafötunum, biður að heilsa systur sínum 😊

25.12.2009 14:03:41

Svanur skrifaði

Héðan af Snæfellsnesinu sendi ég ykkur góðar óskir um ánægjulegt jólahald og farsælt nýtt ár. Þakka liðin samskipti.
Svanur Dalsmynni.

10.12.2009 21:11:08 / dadastadir

Tamning fjárhunda e. Gunnar Einarsson 1990 - Kafli 1 til 9

Efnisyfirlit (í mjög grófum dráttum):

- 1. Hluti:** Kynning á fjárhundum, möguleikum þeirra og ræktun.
- 2. Hluti:** Hvað viljum við að hundurinn kunni? Hvaða skipanir getum við notað? Útskýrt með teikningum og sýnidæmum. Lappi í aðalhlutverki.
- 3. Hluti:** Hvernig nýtist taminn hundur? Hundar í "action" (við vinnu). Bræðurnir Lappi og Prins í aðalhlutverkum.
- 4. Hluti:** Hvernig nýtist taminn hundur frh. Mikilvægi þess að venja féið við hundana þannig að það haldi hópinn og gegni hundinum. Smali þarf að vera í góðu sambandi við hundinn og taka mið af hverjum einstakling.
- 5. Hluti:** Hvernig kennum við hundinum réttu vinnubrögðin? Fyrstu skrefin, Gríma og Píla í aðalhlutverkum.
- 6. Hluti:** Hvernig kennum við hundinum frh. Grunntamning, Gríma, Spotti og Lappi í aðalhlutverkum.
- 7. Hluti:** Prins smalar kindum, gæsnum og nautgripum. Dæmi um misskilinn hund. Líklega einn besti fjárhundur sem við höfum átt á Daðastöðum.
- 8. Hluti:** Öllum finnst sjálfsagt að temja reiðhross. Er ekki jafn sjálfsagt að temja fjárhund? Kynning á fjárhundakeppnum fyrri hluti.

9. Hluti: Kynning á fjárhundakeppnum frh. með reynsluboltanum Spotta í aðalhlutverki og tveggja mínútna myndbrot af þjálfun unghundsins Grímu. Lokaorð.

Smellið á slóðina til að horfa:

1. hluti: <http://www.youtube.com/watch?v=BQC4iiZi1Ow>
2. hluti: <http://www.youtube.com/watch?v=aUras7ACB88>
3. hluti: <http://www.youtube.com/watch?v=JmXFdyNoH5I>
4. hluti: <http://www.youtube.com/watch?v=ME35pGRGiVs>
5. hluti: <http://www.youtube.com/watch?v=izwWF8-etqo>
6. hluti: <http://www.youtube.com/watch?v=ad25WH8ogYI>
7. hluti: <http://www.youtube.com/watch?v=azcmw02S2Rc>
8. hluti: <http://www.youtube.com/watch?v=z473gQC6AHE>
9. hluti: <http://www.youtube.com/watch?v=LIjzMBtwSPI>

20.12.2009 21:42:11

Hilmar skrifaði

Sæl, þetta er frábært framtak hjá ykkur .
Gleðileg jó!
kv Hilmar
Móskógum

25.12.2009 12:25:08

dadastadir skrifaði

Bestu óskir um gleðileg jó! sömuleiðis í Móskógum.
Kveðja frá fjölskyldunni á Daðastöðum.

10.12.2009 20:59:08 / dadastadir

Tamning fjárhunda e. Gunnar Einarsson

Árið 1991 gaf Gunnar út myndband um fjárhunda og tamningu þeirra. Ég er búin að fá myndbandið fært á stafrænt form og mun setja það hér inn á síðuna í 9 köflum.

Ýmsilegt hefur breyst á síðustu 20 árum (sem sést ef til vill best á því hvað Gunnar bóndi er unglegur þegar þarna er komið við sögu 😊) og eitt og annað sem hefði verið gert með öðrum hætti í dag. Grunnhugmyndin hvað smölun varðar er engu að síður sú sama og vonandi getur myndbandið veitt einhverjum innblástur.

Þess má geta að til stendur að gera nýtt myndband og rætist vonandi úr því með hækkandi sól. Meira um það þegar þar að kemur.

Höfundur færslu: Lís Gunnarsdóttir

25.11.2009 20:18:23 / dadastadir

Girðing í byggingu

Gunnar bóndi hefur ekki setið auðum höndum þetta haustið. Einir 700 staurar fóru niður í haust. Efníð er allt reki úr landi Daðastaða og staurarnir heimgerðir, það er klofnir með meitli og sleggju. Þetta er því heilmikið mannvirki.



Það á eftir að staga hornstaura og negla og strekkja netið á, en það stendur til með vorinu. Þessi girðing á eftir að koma sér vel á haustin og vorin til að halda utan um féið. Ekki síður verður æfingaraðstaða fyrir hundapjálfun betri.

Ég tók myndir um helgina, svona til gamans, en því miður var birtan mér ekki hliðholl. Ég setti samt inn nokkrar, sjá: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/277939/>

Höf. færslu: Elísabet Gunnarsdóttir

01.12.2009 19:13:10 / <http://tekkur.123.is>

valli skrifaði

Það er svaka flott að hafa svona reka því verðið á sívalingonum þessum gagnvörðu er orðið svakalegt, ég get samt ekki sagt að ég hafi gaman af því að kljúfa rekavið en samt gert það nokkru sinnum og dáistat þeim sem ráðast í svona stórvirki kveðja að vestan Valli

07.12.2009 18:56:50

dadastadir skrifaði

Já það kemur sér sannarlega vel að hafa rekann þó það sér talsvert verk að vinna hann. Hann er býsna seigur strákurinn 😊

11.10.2009 18:32:38 / dadastadir

Aðrar göngur

Það var heldur betur annað upp á teningnum í öðrum göngum en í fyrstu göngum tveimur vikum áður. Fyrri dagurinn var að vísu nokkuð friðsæll, en annan daginn lögðum við af stað í hríð, þannig jörð varð alhvít niðri í byggð á augabragði. Það smalaðist engu að síður vel og líklega má þakka hvíta samalanum fyrir hjálpina. Fyrri daginn smölum við í litla hlaðna rétt uppi í heiði við svokallaðar Kvíar ásamt Núpsveitungum, en seinni daginn niður í Daðastaði. Við höfum reynt að gera þetta samdægurs en

síðastliðin ár hefur dagur ekki dugað til. Félagi þabba hefur notað vax á þófana á tíkinni sinni til að verja þá og lætur vel af því. Við prófuðum þetta um helgina og án þess að það sé komin nóg reynsla á það teljum við að það hafi gert gagn.



Hér eru nokkrar myndir sem eru teknar upp við Kvíar:
<http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/276393/>

Með kveðju frá Daðastöðum

21.09.2009 22:14:31 / dadastadir

1. göngur haustið 2009

Fyrstu göngur fóru fram um þar síðustu helgi (4. - 6. september). Daðastaðir tilheyra Núpasveit og smala Hólaheiði og Öxarfjarðarheiði með sínum sveitungum niður í Katastaðarétt. Göngurnar eru tveir dagar og síðan er réttað á sunnudagsmorgun. Þegar réttum er lokið á sunnudegi halda smalar frá Daðastöðum aftur upp til fjalla og smala heimalandið niður í Daðastaði.

Veðrið var óvanalega gott, eiginlega allt of gott því féið hélt sig ofarlega í heiðinni og gekk hægt í hitanum. Dagarnir drógust á langinn og við lentum í myrkri tvo seinni dagana. Það voru þreyttir smalar, hestar og hundar sem komu niður í Daðastaði um tíu leytið á sunnudagskvöldið, enda tæpast annað við hæfi þessa daga ársins.



Alls fengu sjö hundar að reyna sig í göngunum þetta árið. Sumir gamalreyndir smalarefir en aðrir reynsluminni. Ómetanlegur liðsstyrkur þar á ferð eins og þeir sem hafa eignast góðan smalahund vita best 😊. Þeir stóðu sig auðvitað misjafnlega eins og gengur, en í samræmi við aldur og fyrri störf.

Það er óhætt að segja að þessir bestu vinir mannsins fórnir sér fyrir málstaðinn. Talsvert hraun er í smalalandi Daðastaða og hundarnir verða auðveldlega sárfættir. Við reyndum skó sem Kiddi keypti í Líflandi en þeir reyndust því miður ekki vel. Það væri gaman að fréttu af þeim sem hafa reynslu af skóm fyrir smalahunda, en mér skilst að þeir geti skipt sköpum hvað varðar úthald hundsins í erfiðu landi.

Myndir má sjá hér: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/275753/>
eða undir "myndasöfn" hér til vinstri. Fleiri myndir væntanlegar.

Höf. færslu: Elísabet Gunnarsdóttir

28.09.2009 15:00:14 / <http://tekkur.123.is>

Valli skrifaði

Það er ekkert sem bendir til þess á þessum myndum að það sé komið haust kveðja að vestan Valli

11.10.2009 19:01:53 / <http://dadastadir.blogcentral.is/>

dadastadir skrifaði

Það hefur haustað hratt hér fyrir norðan síðan þessar myndir voru teknar. Vetur konungur farinn að sjá ástæðu til að minna á sig 😊 Vonandi hafa haustverkin gengið vel fyrir vestan. M.b.kv.

12.07.2009 21:57:37 / dadastadir

Hvolpar undan Soffiu og Dan fimm vikna

Fyrir þá sem ekki vita héldu þeir feðgar Gunnar Einarsson og Reynir Gunnarsson til Indlands fyrir rúmum þremur vikum til að rækta sál og líkama. Þeir feðgar skiluðu sér heim í nótt, heldur seinna en til stóð, og geta talist nokkuð sælir með að hafa snúið heim aftur með bæði sál og líkama eftir svaðilfarirnar. Þær verða hins vegar ekki raktar frekar hér.

Hvolparnir undan Soffiu og Dan hafa heldur betur braggast í þeirra fjarveru og eru núna orðnir fimm vikna. Hver er farinn að þróa sinn karakter og gaman að fylgjast með þessum litlu dýrum þroskast. Hér má sjá myndir sem voru teknar í dag.

<http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/273243/>



Höfundur færslu: Elísabet Gunnarsdóttir (Lísa)

19.07.2009 14:34:26

Bjarki skrifaði

sæl Lísa, þetta eru glæsilegir hvolpar, vona að þeim feðgum líði vel og hafi jafnað sig á svaðilförunum. kveðja frá Breiðavaði

27.07.2009 17:13:04

dadastadir skrifaði

Jú, þeir feðgar eru að verða búnir að ná heilsu, en hugsa sig líklega tvisvar (ef ekki þrisvar) um áður en þeir leggja í langferðir aftur!

Gunnar bóndi biður kærlega að heilsa og vonar að það gangi vel með hundinn 😊

22.06.2009 20:54:45 / dadastadir

Got undan Soffíu og Dan

Dan lætur ekki sitt eftir liggja og þann 4. júní síðastliðinn bættust fjórar tíkur og einn hundur í ættina. Þetta var síðasta væntanlega gotið á þessu ári.



Fleiri myndir má finna hér:

<http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/272451/>

Höfundur færslu: Lísá

25.06.2009 17:35:20 / bjarki

bjarki skrifaði

til hamingju með þessa fallegu hvolpa. Þeir sverja sig í ættina sýnist mér, kveðja frá breiðavaði

12.07.2009 20:56:07

dadastadir skrifaði

Sæll Bjarki og takk fyrir innlitið. Bestu kveðjur í Breiðavað.

22.06.2009 20:48:36 / dadastadir

Sauðburður

Undanfarnar vikur hefur sauðburður og skyld verkefni verið alls ráðandi í sveitinni eins og lög gera ráð fyrir á þessum árstíma. Burður gekk vel og veðurguðirnir voru okkur hliðhollir þetta árið. Kunnum við þeim kærar þakkir fyrir 😊. Síðustu kindunum (eða svo gott sem) var sleppt á fjall um helgina. Það þarf vart að nefna mikilvægi góðra smalahunda við slíka iðju! Nokkrar seinbærur láta enn bíða eftir sér og um helgina voru enn átta óbornar, svona rétt til að halda bændum við efnið.



Höfundur færslu: Elísabet Gunnarsdóttir (Lísa)

11.05.2009 00:20:33 / dadastadir

Sex vikna

Hvolparnir undan Pílu og Dan eru orðnir sex vikna og hafa svo sannarlega blásið út í allar áttir síðan vefstjóri myndaði þá síðast. Sjón er sögu ríkari...



Fleiri myndir hér:

<http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/270588/>

Höf. færslu: Lísá

02.06.2009 20:19:41 / lára / <http://...>

lára skrifaði

ertu að selja þá eða gefa ?

07.06.2009 15:36:50 / Lilja

Lilja skrifaði

Ég á 2 ára hund undan Pílu og Dan. Sá heitir Lappi og er engum líkur. Flottasti og besti hundur í heimi. Greinilegt að Píla og Dan eru góð í þessu! Kv. Lilja

22.06.2009 21:11:00

dadastadir skrifaði

Þetta eru sölueintök, og kannski rétt að geta þess að þeir eru allir seldir. Takk fyrir kveðjurnar! Gaman að fréttu gömlum vinum 😊

17.04.2009 20:05:36 / dadastadir

Landsmót smalahunda 2008

Nokkrar myndir frá Landsmóti smalahunda á Daðastöðum í sumar:

<http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/269328/>

Hér er líka frétt sem ég fann inni á 640.is:

http://www.640.is/news/viewComments/smalahundakeppni_haldin_a_dadastodum./www.ruv.is/rss/fretti/nordurland/?cal_month=8&style=font2

11.04.2009 13:22:09 / dadastadir

Píla og Dan

Enn fjölgar afkomendum Dan's, en þann 30. mars bættust fimm hundar og ein tík í hópinn. Myndir má sjá hér: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/268965/>



Höfundur færslu: Elísabet Gunnarsdóttir (Lísa)

11.04.2009 13:10:24 / dadastadir

Ný heimsmynd

Litlu skotturnar fengu að fara út í fyrsta skipti þann 5. apríl síðastliðinn, en fram að því höfðu veðurguðirnir séð til þess að hundum væru ekki út sigandi! Þær stöllur voru ekki lengi að átta sig á nýju heimsmyndinni og nutu sín vel í góða veðrinu. Myndir má sjá hér:

<http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/268960/>



Stelpurnar eru enn í fóstri á Húsavík og búnar að vera fóstrunni miklir gleðigjafar. Senn fækkar í hópnum, en flestar eru þær systur komnar með tilvonandi eigendur og verða sóttar á næstu dögum. Það á í flestum tilfellum fyrir þeim að liggja að verða smalahundar, en að minnsta kosti ein fær að spreyta sig sem leitarhundur.

Hægt er að sjá hverjar eru frátekna/farnar í myndasafninu: "Fjórar vikur frá goti..."
<http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/267889/>

Höfundur færslu: Elísabet Gunnarsdóttir (Lísa)

25.03.2009 22:43:24 / dadastadir

Fjórar vikur frá goti

Núna á þriðjudaginn sem leið voru fjórar vikur liðnar frá goti undan Skottu og Dan. Í tilefni af því setti undirrituð inn nokkrar myndir af skvísunum, sem hafa sannarlega stækkað. Þær eru nú þegar vaxnar upp úr forstofunni og fluttar út í bílskúr. Senn líður að því að þær vaxi upp úr honum og flytji í sveitina.



Dan mun eiga bággt með að sverja þessar skottur hér að ofan af sér, en þær bera sterkan svip af föður sínum

Fleiri myndir er að finna á þessari slóð: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/267889/> eða í myndasöfnum hér til vinstri.

Höf. færslu: Lísá

28.02.2009 00:06:58 / dadastadir

Síða í vinnslu

Hér stendur til að segja upp og ofan af lífinu á Daðastöðum og þá einkum því sem við kemur fjárhundum og fjárhundarækt. Síðan er enn að slíta barnskónum, en á vonandi eftir að vaxa og dafna með tímanum ...eins og við hin.

Með kveðju frá Daðastöðum

17.03.2009 11:58:38

Varsi skrifaði

Blessuð Lísá

Ég er mjög ánægð að sjá að þú skulir setja upp þessa heimasíðu fyrir Daðastaði og sjá að þú sýnir þessu áhuga. Það er gaman fyrir áhugafólk um Border Collie að geta séð hvað er í gangi hjá ykkur í ræktuninni. Daðastaðir er þekktasta nafnið hér á landi í þessari ræktun og þess vegna er gott að fólk geti fylgst með því sem er að gerast hjá ykkur.

Dan er svo að sjálfsgöðu djásn annara hunda og einhvern tíma, kannski á næsta ári, kem ég með Lýsu mín undir hann.
kv úr Fljótsdal

19.03.2009 20:23:19

Lísa skrifaði

Sæll Varsi og takk fyrir síðast 😊
Ég þakka hlýjar kveðjur. Þær verða mér án efa hvatning til að halda áfram með síðuna.
Mér líst ljómandi vel á þann ráðahag! Það verða vafalaust fínir hundar.
Bestu kveðjur, Lísa

20.03.2009 08:03:06

Hilmar skrifaði

Sæl Lísa
til lukku með síðuna og takk fyrir síðast, gaman að geta séð hundakostinn hjá ykkur.
kv. Hilmar

24.03.2009 19:53:06

Lísa skrifaði

Takk og sömuleiðis! Gaman að sjá að það er umferð um síðuna. Það veitir hæfilega pressu 😊.

25.03.2009 23:05:46 / Bjarki og Deddý breiðavaði

Bjarki og Deddý breiðavaði skrifaði

alltaf gaman að skoða síður um border colly hunda. Þetta eru fallegir hvolpar hjá ykkur. kvbjarki og deddý

27.2.2009 Níu gullfallegar tíkur

Skotta frá Daðastöðum eignaðist níu hraustar gullfallegar tíkur á þriðjudaginn 24. febrúar 2009, undan Dan frá Skotlandi/Daðastöðum. Líkurnar á því að fá níu hvolpa af sama kyni eru afar litlar eða 1 á móti 512, ef undirritaðri bregst ekki reiknislistin. Móður og dætrum heilsast vel. Myndir má finna í myndasöfnum hér til vinstri. Í augnablikinu er hvolparnir staðsettir á Húsavík hjá móður sinni, en fara í sveitina þegar þeir stækka og braggast.

Myndir: <http://dadastadir.blogcentral.is/myndasafn/266305/>



Höf: Elísabet Gunnarsdóttir

13.03.2009 16:29:54 / <http://123.is/dalsmynni>

svanur skrifaði

Til hamingju með þetta einstæða got.

14.03.2009 18:39:48 / <http://dadastadir.blogcentral.is/>

dadastadir skrifaði

Takk fyrir það Svanur 😊